

Fjármál kirkjugarða Greining og tillögur

Kirkjugarðasamband Íslands

Samantekt

Inngangur

- Skýrsluhöfundur tók að sér að vinna kostnaðargreiningu á þeim lögbundnu verkefnum sem kirkjugörðum er falið að vinna og greiningu á því hvort framlag ríkisins til kirkjugarða nægi til að hægt sé að uppfylla þessi lögbundnu verkefni samkvæmt gildandi samkomulagi við ríkið.

Umhirða og umsjá kirkjugarða í tímans rás

- Kirkjugarðar voru í umsjá þeirra sem næst þeim bjuggu og öll vinna í kirkjugörðum var unnin í sjálfböðavinnu.
- Sjálfböðavinna og verktaka undir kostnaðarverði fyrir kirkjugarða er smátt og smátt að fjara út.
- Þetta breytta fyrirkomulag hefur þrengt að fjárhag sumra kirkjugarða, þar sem framlög ríkisins hafa ekki mætt þessum grundvallarbreytingum í rekstri þeirra.
- Á undanförunum árum hefur komið fram nokkur ágreiningur á milli ríkisins og Kirkjugarðasambands Íslands um framlög ríkisins til kirkjugarða vegna þess misvægis sem orðið hefur í útgjöldum kirkjugarða og árlegra framlaga, sem ríkið greiðir.

Samningur um rekstur kirkjugarða

- Í annarri grein samkomulags á milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs varðandi árlegt framlag til kirkjugarða segir: *Framlag ríkissjóðs til kirkjugarða er ætlað að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða, þ.m.t. rekstur, endurbætur og uppbyggingu kirkjugarða, tækjabúnað og húsakost þeirra. Óheimilt er að ráðstafa framlaginu til annarra verkefna.*
- Af þessu má ljóst vera að skv. samkomulaginu er kostnaður vegna reksturs líkhúss og kapellu ekki sérgreindur, enda ekki lögbundin verkefni.
- Fram að hruni, eða frá 2005 til 2008, var unnið eftir samningnum. Eftir árið 2008 hefur ekki verið greitt eftir samningnum og hefur svo verið síðan 2009.
- Kirkjugarðaráð gerði samkomulag við Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) um framkvæmd útreikninga og dreifingu á því fjármagni sem er til skiptanna hverju sinni skv. lögnum. Samkvæmt því samkomulagi er kirkjugörðum skipt í 11 flokka með mismunandi einingaverð fyrir hvern flokk.

Ágreiningur um kostun líkhúsa

- Undanfarin ár hefur verið uppi ágreiningur milli Kirkjugarðasambands Íslands og fjármálaráðuneytis um það hvort rekstur líkhúsa sé meðtalinn í framlagi ríkisins eða ekki.

- Eins og fram hefur komið hér að framan er rekstur líkhúsa og athafnarýma ekki lögbundið verkefni heldur er einungis heimild til kirkjugarðsstjórna að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað viðkomandi kirkjugarðs.
- Á þann hnút hjuggu þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra með því að skrifa undir samninginn í apríl 2005. Það var gert þó að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðar Akureyrar hafi tekið gjald vegna líkhúss í eitt ár fyrir þann tíma og það gjald var síðan innheimt í eitt ár eftir að skrifað var undir samkomulagið.
- Gjaldtöku var síðan hætt vegna áskorunar umboðsmanns Alþingis, sem jafnframt skoraði á dóms- og kirkjumálaráðuneytið að taka af allan vafa með lagasetningu.
- Einnig má, miðað við stranga túlkun á lögum nr. 36/1993 og ákvæði framangreinds samkomulags um framlög ríkisins til kirkjugarða, draga í efa að kirkjugarðar hafi heimild til að nota hluta af framlagi ríkisins til kirkjugarða til reksturs líkhúsa.
- Á þetta ekki hvað síst við þegar halli er á rekstri viðkomandi kirkjugarðs eins og t.d. hjá KGRP á árinu 2011.

Frá andláti til greftrunar – lagaumhverfi

- Í fyrsta lagi eru lög skýr varðandi andlát, þ.e. hvernig það skuli úrskurðað o.s.frv. Í öðru lagi varðandi útgáfu dánarvottorðs og meðferð á veraldlegum eigum hins látna eftir andlát. Í þriðja lagi varðandi legstað, líkbrennslu og/eða greftrun.
- Lög ná hins vegar ekki yfir það hvernig skuli fara með hinn látna frá andláti til brennslu og/eða graftrar.
- Lögin kveða ekkert á um hvers konar húsnæði eða geymslu skuli notast við fyrir líkhús.
- Né hver skuli bera kostnað af líkhúsi, rekstri þess og fjárfestingu.
- Þannig taka lög hvorki á meðhöndlun né varðveislu hins látna tímunn frá andláti til brennslu og/eða greftrunar.
- Nú eru engar kröfur gerðar um slíkt né til þess húsnæðis sem notað er sem líkhús skv. gildandi lögum.

Líkhús

- Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús en ber ekki skylda til þess.
- Lögin kveða hins vegar ekki skýrt á um það hvernig eigi að fjármagna þann rekstur.
- Samkvæmt núgildandi lögum ber engum lagaleg skylda til að geyma lík eða útvega athafnasvæði vegna frágangs á látnum einstaklingi og ekki eru heldur ákvæði um það hver eigi að bera kostnað sem fellur til vegna þessa.
- Á landsbyggðinni eru það einkum sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir í kaupstöðum og stærri kaupúnum sem sjá um þessa þjónustu.

- Fáeinir stórir kirkjugarðar í þéttbýli eiga og reka líkhús og má þar nefna Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Kirkjugarða Akureyrar og Kirkjugarð Hafnarfjarðar.
- Á síðustu árum hafa einkaaðilar hafið rekstur líkhúsa.
- Í mörgum (flestum) tilfellum eru einstaklingar af landsbyggðinni, sem látast á höfuðborgarsvæðinu, sendir í líkhús Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fyrst eftir andlát.
- Samkvæmt upplýsingum frá KGRP létust 1.986 einstaklingar á árinu 2011. Einstaklingar skráðir í skráningarkerfið í líkhúsi KGRP á árinu 2011 voru 1.406, eða um 70% af þeim sem létust á árinu.
- Þannig má ljóst vera að KGRP bera kostnað ekki einungis vegna látinna einstaklinga af höfuðborgarsvæðinu heldur einnig vegna látinna einstaklinga annars staðar að af landinu.
- Allar útfararstofur í Reykjavík notast alfarið við líkhús KGRP að undanskilinni einni útfararstofu. Sú útfararstofa notast við líkhús KGRP þegar það hentar en hinar notast alfarið við líkhúsið.
- Fyrir aðstöðuna í Fossvogi, þ.e. líkhúsið og aðstöðu fyrir snyrtingu og frágang í kistu, greiða útfararstofurnar ekkert.
- Fyrir Kirkjugarða Reykjavíkur er um að ræða kostnað vegna reksturs húsnæðisins og aðstöðu og laun starfsmanna sem veita ákveðna þjónustu í líkhúsinu.

Skýrsla um fjármál kirkjugarða (2003) og úttekt á samkomulagi við ríkið (2011)

- Gjaldalíkanið byggir á ítarlegum upplýsingum sem eru grundvöllur til að áætla kostnað við rekstur kirkjugarða.
- Það er mat skýrsluhöfundar að það eigi ekki að vera fólkið mál að leysa ágreining um fjárþörf kirkjugarða með jafn ítarlegar upplýsingar til að byggja á.
- Árið 2011 var unnin úttekt á því hvernig framlög ríkisins voru samanborið við ákvæði samkomulagsins frá 2005 og reiknilíkan sem lagt var til grundvallar við útreikning á framlög ríkisins.
- Eins og þar kemur fram hafa framlögin ekki verið í samræmi við reiknilíkanið frá árinu 2009. Ein af niðurstöðunum í úttektinni var eftirfarandi: *Túlkun ríkisins virðist vera á þann hátt að skerðing framlags innan ársins eigi að hafa áhrif á komandi ár, þannig að skerðingin er varanleg.*

Ársreikningur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

- Hins vegar er framsetning ársreikninganna þannig að með því að skoða eingöngu niðurstöðu þeirra fæst ekki alveg rétt mynd af því hvort framlög ríkisins dugi til að standa undir rekstri kirkjugarða.
- Í ársreikningnum eru ný grafarsvæði færð til eigna. Það er spurning hvort ekki væri eðlilegra að kostnaður við grafarsvæði sé allur gjaldfærður þegar hann fellur til.
- Ef það hefði verið gert á árinu 2011 væru rekstrarútgjöldin hjá KGRP hærri sem

nemur mismuninum á nýframkvæmdinni (21.857 þús. kr.) og gjaldfærðri afskrift vegna grafarsvæða (8.794 þús. kr.), eða hækkun á rekstrartapi ársins um 13.063 þús. kr.

- Í öðru lagi, færast rekstrarafkoma dótturfélagsins, Útfararstofu kirkjugarðanna ehf sem er í 100% eigu KGRP, inn í rekstrarreikning KGRP.
- Eins og þarna kemur fram bætir það afkomu KGRP um 23,6 millj. kr.
- Í þriðja lagi eru fjármunatekjur færðar til tekna í rekstrarreikningi. Þessar tekjur eru m.a. vegna bankainnstæða og verðbréfa sem KGRP eiga til að mæta lífeyrisskuldbindingum starfsmanna KGRP og eru því ekki til ráðstöfunar fyrir daglegan rekstur kirkjugarðanna.
- Á árinu 2011 voru fjármunatekjur KGRP 13,1 millj. kr., sem bætir reksturinn sem því nemur. Gera má ráð fyrir að þessar tekjur séu að mestu tilkomnar vegna þessara innistæðna.
- Tafla 5 sýnir bankainnstæður og verðbréf KGRP til að mæta lífeyrisskuldbindingum. Eins og taflan sýnir er hér um verulega fjármuni að ræða, eða skv. ársreikningi 2011 samtals 236,6 millj. kr.
- Það getur orkað tvímælis að vera með slíka fjármuni í daglegum rekstri kirkjugarða og hætta á að slíkt geti valdið misskilningi við lestur ársreikningsins.

Rekstrarreikningur kirkjugarða árið 2011

- Samtals var afkoma kirkjugarða fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld neikvæð um 14,3 millj. kr. á árinu 2011.
- Eins og tafla 6 sýnir var samantekin afkoma neikvæð hjá sjö prófastsdæmum af níu fyrir afskriftir, fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélaga.
- Suðurprófastsdæmi og Vesturlandsprófastsdæmi skera sig nokkuð úr með neikvæða afkomu.
- Þegar afkoman er skoðuð fyrir fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélaga, þ.e. afskriftir teknar með, var afkoman samtals neikvæð um 74,1 millj. kr.
- Samkvæmt samantekinni rekstrarafkomu 204 kirkjugarða, sem skiluðu ársreikningum til Ríkisendurskoðunar, var heildar niðurstaða þessara kirkjugarða neikvæð um 17,2 millj. kr., eða 40,8 millj. kr. ef ekki er tekið tilliti til hlutdeildar í afkomu dótturfélaga.

Flokkaskipting kirkjugarða

- Miðað við rekstrarafkomu kirkjugarða skipt eftir flokkun þeirra er ljóst að afkoman er nokkuð mismunandi.
- Eins og fram kemur í töflu 7 var samantekin afkoma kirkjugarða í flokki 4, 7 og 9 jákvæð samtals um 35,2 millj. kr.
- Þar munar mest um kirkjugarða í flokki 9, þar sem samantekin afkoma var jákvæð um 29,9 millj. kr.

- Samantekin afkoma þeirra flokka, þar sem hún var neikvæð, var 76 millj. kr., eða nettó niðurstaða 40,8 millj. kr.
- Eins og fram kemur í töflu 8 má ætla að rekstrarvandi kirkjugarða í flokki 2 og 3 sé nokkuð mikill. Samtals var halli kirkjugarða í flokki 2 árið 2011 um 47% af tekjum.
- Samtals afkoma í flokki 3 var neikvæð um 36% af tekjum. Í þessum flokki lágu fyrir upplýsingar frá 37 kirkjugörðum. Þar af voru 23 kirkjugarðar með jákvæða rekstrarafkomu en 14 neikvæða.
- Af þessu má ljóst vera að rekstrarafkoman er nokkuð mismunandi á milli flokka og einnig innan flokka á milli kirkjugarða.
- Þannig má ætla að ástæða sé til að endurskoða þessa flokkaskiptingu og útdaingu á framlagi ríkisins á milli kirkjugarða.

Efnahagsreikningur kirkjugarða eftir prófastsdæmum

- Samkvæmt efnahagsreikningum kirkjugarðanna má ætla að eignarstaða þeirra sé góð með hliðsjón af því að eigið fé þeirra samtals var í árslok 2011 2.514 millj. kr.
- Skuldir kirkjugarða í árslok 2011 voru samtals 489 millj. kr., þar af voru skuldir Reykjavíkurprófastsdæmis 345 millj. kr., eða 70,5% af skuldum allra kirkjugarða.
- Spyrja má hvort eignir kirkjugarðanna séu ekki ofmetnar. Eins og komið hefur fram eru grafarsvæði og stígar í kirkjugörðum talin með eignum kirkjugarða ásamt grafarkirkjum og kapellum.
- Eins og tafla 10 sýnir skulda kirkjur landsins kirkjugörðum 190 millj. kr.
- Inneignir eða kröfur hjá ýmsum aðilum voru 49 millj. kr. og svo bankainnistæður og sjóðir kirkjugarða samtals 809,5 millj. kr.
- Velta má upp þeirri spurningu af hverju kirkjur skuldi kirkjugörðum samtals 190 millj. kr.
- Eins og kemur fram í töflu 12 skulda kirkjugarðarnir kirkjum 68 millj. kr. Þannig er nettó skuld kirkna við kirkjugarða 122 millj. kr.

Efnahagsreikningur kirkjugarða eftir flokkun þeirra

- Kirkjugarðar í flokki 4, 7 og 9 voru með jákvæða rekstrarafkomu á árinu 2011, sbr. töflu 8.
- Ef litið er á veltufjármuni kirkjugarða samtals, sjá töflu 14, þá voru veltufjármunir mestir hjá kirkjugörðum í þessum flokkum.
- Hæst var það hjá kirkjugörðum í flokki 9, þar sem rekstrarafkoman var best.

Ársreikningar kirkjugarða árin 2008 til 2011

- Nokkuð mismunandi er hvernig kirkjugarðar standa skil á ársreikningum á milli ára.

- Með hliðsjón af því er erfiðara að bera saman samandregna rekstrarafkomu og efnahag kirkjugarða á milli ára.

Framlög ríkisins til kirkjugarða 2004 til 2012

- Á mynd 1 má sjá að umtalsvert misgengi hefur orðið á milli raunframlaga og reiknaðra framlaga samkvæmt forsendum þeim er settar voru upp í samningum árið 2005.

Kostnaðarmat vegna einstakra rekstrarhluta

- Það vekur athygli að mesta skerðingin á milli áráanna 2010 og 2011 skuli verða á gördum þar sem rök hníga frekar að því að kostnaður vegna grafartöku sé hvað mestur.
- En minni skerðing er hjá þeim gördum sem ættu að njóta stærðarhagkvæmni, fleiri grafartökur á hverju ári og þar með mesta aukningu í flatarmáli grafarsvæða.

Kostnaður við umhirðu kirkjugarða og grafartöku

- Eins og tafla 21 sýnir er áætlaður raunkostnaður við rekstur kirkjugarðsins á árinu 2012 672 þús. kr. en lögbundnar tekjur hans voru 364 þús. kr. eða fjárvöntun sem nemur 45,8%.

Yfirstjórn kirkjugarða

- Brögð eru að því að fjármálum kirkjunnar og kirkjugarða sé ruglað saman.
- Líklega er hluti af skýringunni hvernig lögin tvinna stjórn kirkna og kirkjugarða saman.
- Eins og lögin kveða á um hefur sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi umsjón með fjárhaldi kirkjugarða.
- Þannig getur sóknarnefnd jafnframt verið kirkjugarðsstjórn.
- Á nokkrum stöðum hafa kirkjugarðsstjórnir fyrir nokkra kirkjugarða verið sameinaðar í eina stjórn.
- Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum Kirkjugarðasambands Íslands hefur reynslan af því verið góð.

Útfarastofa kirkjugarðanna ehf.

- Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) eiga Útfarastofu kirkjugarðanna ehf. (ÚSK)
- Auk þessa hafa útfarastofur á höfuðborgarsvæðinu annast flutning á líkum t.d. frá sjúkrahúsi í líkhús. Fyrir það eru viðkomandi dánarbú eða aðstandendur reikningsfærð.
- ÚSK hefur síðan eins og aðrar útfarastofur á höfuðborgarsvæðinu notast við líkhús KGRP í Fossvogi til líkgeymslu og frágangs á líki í kistu allt án endurgjalds.
- Þannig hefur ÚSK eingöngu sjálf skrifstofuáðstöðu, bifreiðar fyrir reksturinn og

lagergeymslu eins og aðrar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu að undanskilinni einni sem rekur einnig líkgeymslu.

Tillögur

- Lagt er til að skipuð verði fimm manna nefnd sem fari yfir fjárveitingar til kirkjugarða og beri fjárveitingarnar saman við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða. Nefndin skili síðan tillögum um hvernig tekist verði á við fjárhagsvanda kirkjugarða.

Nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum frá Kirkjugarðasamandi Íslands, einum frá innanríkisráðuneytinu og einum frá fjármálaráðuneytinu. Innanríkisráðuneytið og stjórn Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndi sameiginlega oddamann. Nefndin skili álit og tillögum fyrir afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 2014.

- Lagt er til að skipting kirkjugarða í flokka, sem framlög til kirkjugarða byggja á, verði endurskoðuð. Kannað verði hvort til greina komi að fjárveiting til hvers kirkjugarðs miðist við áætlun um fjárþörf hvers kirkjugarðs fyrir sig miðað við ákveðið þjónustustig.
- Lagt er til að bundið verði í lög að ríkissjóður kosti tímabilið frá andláti til greiftrunar miðað við ákveðna grunnþjónustu.
- Lagt er til að sett verði í lög kröfur um líkhús og líkgeymslur og hverjir megi reka líkhús og líkgeymslur.
- Lagt er til að ný grafarsvæði verði gjaldfærð í ársreikningum kirkjugarða en ekki eignfærð eins og gert hefur verið.
- Lagt er til að óskað verði eftir því við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að hann taki yfir lífeyrissjóðsskuldbindingar kirkjugarða. Við yfirtökuna greiði viðkomandi kirkjugarðar uppreiknaðar lífeyrissjóðsskuldbindingar viðkomandi kirkjugarðs. Á þetta einkum við um Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
- Lagt er til að þeir kirkjugarðar, sem eru með bankainnistæður og sjóði umfram það sem talist getur eðlilegt til reksturs eða fjárfestingar á allra næstu árum, skili því sem umfram er til kirkjugarðaráðs. Þessum fjármunum verði síðan ráðstafað til reksturs kirkjugarða almennt.

Einnig kæmi til greina, í stað þess að skila því sem umfram er, að rekstrarframlög til þessara kirkjugarða verði skert tímabundið samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

- Lagt er til að fram fari uppgjör vegna skulda á milli kirkna og kirkjugarða.
- Lagt er til að unnið verði að því að sameina kirkjugarðsstjórnir a.m.k. innan prófastsdæma. Einnig að kirkjugarðsstjórn sé ekki jafnframt sóknarnefnd.
- Lagt er til að framlög af fjárlögum til kirkjugarða verði skilyrt því að ársreikningi viðkomandi kirkjugarðs sé árlega skilað til ríkisendurskoðunar innan tilsetts tíma eins og ber að gera.
- Lagt er til að skoðað verði að greiðslur vegna grafartöku verði miðlægar eins og fyrir prestsþjónustu fyrir kirkjugarða í flokki 1 til 3.

- Lagt er til að greiðslur vegna kirkjugarða í flokki 1 til 3 vegna lagfæringa og stækkunar kirkjugarðs fari fram í gegnum kirkjugarðasjóð.
- Lagt er til, nái tillaga nr. 11 og 12 fram að ganga, að tilkynna þurfi til KGSÍ um að umhirða, grassláttur o.fl., hafi farið fram áður en framlag til viðkomandi kirkjugarðs er innt af henti.
- Lagt er til að löggjafinn taki á þeim deilumálum, sem upp hafa komið um hvað kirkjugarðar megi taki í gjald fyrir ýmis konar þjónustu sem þeir veita en er ekki lögboðin.

Lokaorð

- Við vinnslu verkefnisins kom fram að ýmsir aðrir þættir hafa haft áhrif á fjárveitingar til kirkjugarða en ætlað var að skoða í upphafi, þar með taldir þættir er snúa beint að innri málum kirkjugarða.
- Með hliðsjón af því varð verkefnið umfangsmeira en upphaflega var ætlað og þær tillögur, sem settar eru fram í skýrslunni, taka á fleiri þáttum en samningurinn gerði ráð fyrir.
- Helstu niðurstöður skýrslunnar eru m.a. að síðustu ár hafa framlög ríkisins ekki dugað til reksturs kirkjugarða.
- Einnig að í mörgum tilfellum er greitt fyrir þjónustu við kirkjugarða langt undir kostnaðarverði.
- Vonast er til að með þeim tillögum, sem fram koma í skýrslunni, takist að leysa margra ára ágreining á milli forsvarsmanna Kirkjugarðasambands Íslands og fjárveitingavaldsins um rekstrarframlög til kirkjugarða.

Efnisyfirlit

GREINING	11
INNGANGUR.....	11
UMHIRÐA OG UMSJÁ KIRKJUGARÐA Í TÍMANS RÁS.....	12
SAMNINGUR UM REKSTUR KIRKJUGARÐA.....	13
ÁGREININGUR UM KOSTUN LÍKHÚSA	14
FRÁ ANDLÁTI TIL GREFTRUNAR - LAGAUMHVERFI	15
LÍKHÚS	18
SKÝRSLA UM FJÁRMÁL KIRKJUGARÐA (2003) OG ÚTTEKT Á SAMKOMULAGI VIÐ RÍKIÐ (2011)	21
ÁRSREIKNINGUR KIRKJUGARÐA REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA	22
REKSTRARREIKNINGAR KIRKJUGARÐA ÁRIÐ 2011	24
FLOKKASKIPTING KIRKJUGARÐA.....	26
EFNAHAGSREIKNINGUR KIRKJUGARÐA EFTIR PRÓFASTSDÆMUM	29
EFNAHAGSREIKNINGUR KIRKJUGARÐA EFTIR FLOKKUN ÞEIRRA	32
ÁRSREIKNINGAR KIRKJUGARÐA 2008 TIL 2011	33
FRAMLÖG RÍKISINS TIL KIRKJUGARÐA 2004 TIL 2012.....	35
KOSTNAÐARMAT VEGNA EINSTAKRA REKSTRARHLUTA	36
KOSTNAÐUR VIÐ UMHIRÐU KIRKJUGARÐA OG GRAFARTÖKU	40
YFIRSTJÓRN KIRKJUGARÐA	41
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA EHF.....	42
TILLÖGUR	44
1. SKIPAN NEFNDAR	44
2. FLOKKASKIPTING KIRKJUGARÐA.....	44
3. KOSTUN TÍMABILS FRÁ ANDLÁTI TIL GREFTRUNAR	45
4. LÍKHÚS OG LÍKGEYMSLUR.....	45
5. NÝ GRAFARSVÆÐI.....	45
6. LÍFEYRISSKULDBINDINGAR	46
7. BANKAINNISTÆÐUR OG SJÓÐIR KIRKJUGARÐA.....	46
8. UPPGJÖR Á MILLI KIRKNA OG KIRKJUGARÐA	46
9. KIRKJUGARÐSSTJÓRNIR OG SÓKNARNEFNIR	47
10. SKIL Á ÁRSREIKNINGUM KIRKJUGARÐA TIL RÍKISENDURSKOÐUNAR.....	47
11. GREIÐSLUR VEGNA GRAFARTÖKU TIL KIRKJUGARÐA Í FLOKKI 1 TIL 3	47
12. LAGFÆRINGAR OG/EDA STÆKKUN KIRKJUGARÐA Í FLOKKI 1 TIL 3	48
13. GREIÐSLUR VEGNA UMHIRÐU TIL KIRKJUGARÐA Í FLOKKI 1 TIL 3.....	48
14. GJALDTAKA KIRKJUGARÐA.....	48
LOKAORÐ	49
FYLGISKJÖL	50

Greining

INNGANGUR

Að beiðni Þórsteins Ragnarssonar, formanns stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ), tók skýrsluhöfundur að sér að vinna kostnaðargreiningu á þeim lögbundnu verkefnum sem kirkjugörðum er falið að vinna og greiningu á því hvort framlag ríkisins til kirkjugarða nægi til að hægt sé að uppfylla þessi lögbundnu verkefni samkvæmt gildandi samkomulagi við ríkið.

Við vinnslu verkefnisins fékk skýrsluhöfundur sér til aðstoðar Elías Pétursson, viðskiptafræðinema og fyrrverandi verkataka. Aðstoð hans fólst í greiningu á kostnaði við rekstur kirkjugarða og ársreikninga kirkjugarða.

Samkvæmt samningi um verkið skiptist það í tvennt

1. Að athuga hvort sú flokkaskipting (11 flokkar) á kirkjugörðum, sem stjórn KGSÍ ákvað í upphafi útdeilingar fjármagns til kirkjugarða (2005) og byggir í bland á huglægum viðmiðunum og hlutlægum, sé raunhæf (eðlileg), þ.e. að ekki séu augljós merki um ósamræmi milli flokka.
2. Verksali skal leitast við að svara þeirri spurningu hvort þau einingaverð, sem reiknuð eru út í fjármálaráðuneyti árlega, og eru grunnur að því samkomulagi sem gert var milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs í apríl 2005, nægi til að framkvæma þau lögbundnu verkefni sem samningurinn gerir ráð fyrir án þess að skaða ásýnd kirkjugarða eða slaka á þjónustu við greftranir o.fl. Rýna skal sérstaklega í einingaverðin eftir hrun (2009 og áfram) og meta hversu mikið þau þurfi að hækka til að fylgja þróun kaupgjalds og verðlags frá undirritun samningsins. Í þessu sambandi skal verksali fara yfir skýrslu sem Capacent gerði fyrir Kirkjugarðasambandið, og út kom í janúar 2011, til að sannreyna eða hrekja þær fullyrðingar að fjármálaráðuneytið hafi ekki farið eftir samningnum milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs í hvívetna. Verksali skal að sama skapi athuga rekstur bálstofunnar í Fossvogi og framlag til hennar.

Markmiðin með verkefninu eru sem hér segir eins og fram kemur í samningi um verkefnið:

- a. Kostnaðargreining á umhirðugjaldi og greftrunargjaldi á að sýna fram á hvort kirkjugarðar geta uppfyllt þau verkefni sem til er ætlast af þeim. Í því sambandi skal m.a. bera saman útboð garðyrkjuverktaka sem vinna fyrir sveitarfélög og stærri fyrirtæki varðandi umhirðuna og jarðvinnuverktaka varðandi grafartöku. Einnig er markmið greiningarinnar að athuga hvort óeðlilegur munur (órökstuddur) er á milli flokka varðandi umhirðugjaldið og greftrunargjaldið.
- b. Markmiðið með þessari athugun á framlagi ríkisins er að athuga hvort samningi hafi verið fylgt í útfærslu fjármálaráðuneytis. Slík athugun hefur áður verið gerð (Capacent-skýrslan) og er því ekki ástæða til að fara aftur yfir útreikninga heldur meta hvort útreikningar skýrslunnar séu sannfærandi eða ekki. Verksali mun m.a. athuga hvort verðmat einingaverða frá ríkinu sé byggt á raunhæfum kostnaðartölum, þ.e. hvort yfirleitt sé hægt að vinna þau verkefni,

sem samningurinn við ríkið frá 2005 ætlast til af kirkjugörðum landsins, á þeim einingaverðum sem gilda í dag (samanber niðurstöðu greiningar í lið a).

Við vinnslu verkefnisins var stuðst m.a. við framangreind gögn og ýmis gögn frá verkkaupa. Kallað var eftir upplýsingum frá öllum kirkjugörðum landsins sem eru starfræktir í dag um kostnað við grafartöku og umhirðu garðanna. Svör bárust frá um 70 kirkjugörðum og voru þau mismunandi og erfitt að styðjast við sum þeirra.

Fengnar voru upplýsingar frá Ríkisendurskoðun úr ársreikningum kirkjugarða vegna árána 2008 til 2011, en stofnunin safnar saman öllum ársreikningum kirkjugarða samkvæmt lögum þar um.

Einnig fóru fram fundir með fulltrúum Kirkjugarðasambands Íslands, þar sem fram komu ýmsar gagnlegar ábendingar og upplýsingar.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

UMHIRÐA OG UMSJÁ KIRKJUGARÐA Í TÍMANS RÁS

Mikil breyting hefur átt sér stað í umhirðu og rekstri kirkjugarða. Kirkjugarðar voru í umsjá þeirra sem næst þeim bjuggu og öll vinna í kirkjugörðum var unnin í sjálfbodavinnu. Þróunin hefur hins vegar orðið sú eins og almennt í þjóðfélaginu að dregið hefur verulega úr allri sjálfbodavinnu. Nú er svo komið að fyrir alla vinnu sem fram fer í kirkjugörðum þarf að greiða gjald með örfáum undantekningum. Fram til þessa hefur þetta gjald verið nokkuð mismunandi. Í sumum tilfella er gjaldið mjög lágt og í engu samræmi við þá vinnu sem fram fer. Þróunin er sú sama eins og varðandi sjálfbodavinnu að þeim fækkar sem eru tilbúnir að taka að sér verk fyrir kirkjugarða án þess að fá greitt að fullu fyrir þá vinnu og leigu á þeim tækjum sem til þarf. Kom þetta vel fram í þeim tölvupóstum sem skýrsluhöfundur fékk frá forsvarsmönnum kirkjugarða. Er nú svo komið að flestir kirkjugarðar a.m.k. í þéttbýli greiða fullt gjald fyrir alla vinnu sem fram fer í viðkomandi kirkjugarði. Undantekning frá þessu eru aðallega kirkjugarðar í fámennum byggðalögum.

Sjálfbodavinna og verktaka undir kostnaðarverði fyrir kirkjugarða er smátt og smátt að fjara út. Mikil breyting hefur átt sér stað hvað þetta varðar á allra síðustu árum.

Fjárframlög ríkisins hafa að einhverju leyti miðast við það fyrirkomulag sem var hér fyrir á árum, þ.e. að hluti af vinnu í kirkjugörðum fari fram í sjálfbodavinnu eða greitt hafi verið lægra gjald en kostnaðarverð fyrir vinnuna. Vegna þessa hafa kirkjugarðsstjórnir víða staðið fram fyrir miklum vanda sérstaklega þar sem þær hafa ekki haft önnur úrræði, en að semja við verktaka um grafartöku, slátt og umhirðu. Þetta breytta fyrirkomulag hefur þrengt að fjárhag sumra kirkjugarða, þar sem framlög ríkisins hafa ekki mætt þessum grundavallarbreytingum í rekstri garðanna.

Í viðræðum skýrsluhöfundar við forsvarsmenn Kirkjugarðasambands Íslands hefur komið fram að þeirra mati að ákveðinnar tregðu hafi gætt að hálfu ríkisins til að viðurkenna þá samfélagslegu breytingu sem átt hefur sér stað og lýst var hér að framan og áhrif hennar á rekstur kirkjugarða.

Á undanförunum árum hefur komið fram nokkur ágreiningur á milli ríkisins og Kirkjugarðasambands Íslands um framlög ríkisins til kirkjugarða vegna þess misvægis sem orðið hefur í útgjöldum kirkjugarða og árlegra framlaga, sem ríkið greiðir. Til marks um þann ágreining má nefna tvær ráðherraskipadar nefndir sem framkvæmdu

athugun á fjármálum kirkjugarða. Í nefndunum sátu annars vegar fulltrúar ráðuneyta og hins vegar fulltrúar Kirkjugarðasambands Íslands. Fyrri nefndin skilaði skýrslu í júlí 1997, þar sem fulltrúar ráðuneytisins töldu að kirkjugarðar þyrftu 12% hækkun á framlögum en fulltrúar Kirkjugarðasambands Íslands töldu að hækkunin yrði að vera 20%. Síðari nefndin skilaði álitni í júní 1999.

Síðan hafa verið unnar tvær skýrslur að frumkvæði Kirkjugarðasambandi Íslands. Sú fyrri kom út í mars 2003, *Skýrsla um fjármál kirkjugarða*, og sú síðari var unnin af Capacent og kom út í janúar 2011, *Úttekt á samkomulagi við ríkið*.

Segja má að samantekið séu niðurstöður ráðherranefndanna og þessara skýrslna að framlög ríkisins til reksturs kirkjugarða hafi ekki dugað til.

Nú hefur bæst við vanda stjórnna kirkjugarða að framlög eins og til flestra stofnanna ríkisins hafa verið skert á undanförunum árum vegna fjárhagsvanda ríkisins.

SAMNINGUR UM REKSTUR KIRKJUGARÐA

Á grundvelli 39. gr. laga nr. 36/1993 gerði ríkið og Kirkjugarðaráð samkomulag í ársbyrjun 2005 um viðmiðanir fyrir árlegt framlag ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða.

Í annarri grein samkomulagsins segir:

Framlag ríkissjóðs til kirkjugarða er ætlað að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða, þ.m.t. rekstur, endurbætur og uppbyggingu kirkjugarða, tækjabúnað og húsakost þeirra. Óheimilt er að ráðstafa framlaginu til annarra verkefna.

Leggja ber áherslu á að í þessari grein samkomulagsins kemur skýrt fram að framlagi ríkissjóðs til kirkjugarða er eingöngu ætlað að standa straum af lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Jafnframt segir að óheimilt sé að ráðstafa framlaginu til annarra verkefna.

Síðan segir í fjórðu grein samkomulagsins að við árlegan undirbúning fjárlaga fyrir komandi ár skuli framlag ríkisins til starfsemi kirkjugarða byggt á þrískiptum viðmiðunum við útgjöld kirkjugarða. Í fylgiskjali 2 með samkomulaginu kemur fram hlutfallsleg skipting þessara viðmiðana við ákvörðun framlagsins.

Skiptingin og viðmiðunin eru sem hér segir:

Umhirða og fastur kostnaður	80%
Grafartaka og breytilegur kostnaður	18%
Líkbrennsla	2%

Af þessu má ljóst vera að skv. samkomulaginu er kostnaður vegna reksturs líkhúss og kapellu ekki sérgreindur, enda ekki lögbundin verkefni.

Gera verður ráð fyrir að heimilt sé að greiða af framlaginu til reksturs greftrunarkirkna svo framarlega að viðkomandi kirkjugarður geti staðið straum af lögbundnum verkefnum. Ef ekki, verður viðkomandi kirkjugarðsstjórn að hætta slíkum rekstri eða selja slíka þjónustu á kostnaðarverði.

Sú þjónusta, að bjóða upp á athafnarými fyrir kistulagningarbætur og útfarir, fellur utan lögbundinna verkefna kirkjugarða og er gert ráð fyrir því í samkomulagi ríkisins um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða að kirkjugarðar geti tekið gjald fyrir

slíkt. Þetta er ekki þjónustugjald fyrir lögbundna þjónustu heldur verðlagning þjónustu á samkeppnismarkaði, og er innheimta gjaldsins ótengd annarri lögbundinni starfsemi kirkjugarða. Hins vegar hefur verið ágreiningur um lagalega heimild kirkjugarða til að innheimta gjald fyrir þessa þjónustu.

Af tekjum kirkjugarða vegna grafartöku er gert ráð fyrir greiðslu fyrir prestsþjónustu.

Ljóst er að fjárframlög ríkisins nægja ekki til að standa undir hvoru tveggja, lögbundnum verkefnum kirkjugarðsins og öðrum rekstri hans. Um langt skeið hefur það tíðakast að kirkjugarðar innheimti greiðslu frá aðstandendum eða öðrum fyrir þjónustu sem þeir inna af hendi en ekki er lögbundin, t.d. gróðursetningu sumarblóma á leiði fyrir aðstandendur sem þess óska og viðgerðir á leiðum eða legsteinum. Athafnarýmið, sem kirkjugarður útvegar útfararstofum, er að öllu leyti sambærilegt við slíkt, þ.e. aðstöðu sem kirkjugarðar veita aukalega til viðbótar við þá þjónustu, sem kirkjugörðum er skylt að lögum að veita, og er gjaldtaka hugsuð til að standa straum af kostnaði við hana.

Á grunni framangreinds samnings var síðan gert sérstakt reiknilíkan og notað við útreikning framlagsins. Reiknilíkanið byggir m.a. á gjaldalíkani sem unnið var af Kirkjugarðasambandi Íslands og birtist í *Skýrslu um fjármál kirkjugarða*, mars 2003.

Í þeirri skýrslu má ætla að gert sé ráð fyrir framlögum vegna reksturs líkhúsa í umhirðugjaldi kirkjugarða, sem er nokkuð sérstakt. Eðlilegt verður að telja að þessi kostnaðarliður væri tilgreindur sérstaklega við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarða, sjá frekar hér síðar.

Fram að hruni, eða frá 2005 til 2008, var unnið eftir samningnum. Eftir árið 2008 hefur ekki verið greitt eftir samningnum og hefur svo verið síðan 2009. Framlagið hefur verið skert vegna almenns niðurskurðar hjá ríkissjóði.

Kirkjugarðaráð gerði samkomulag við Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) um framkvæmd útreikninga og dreifingu á því fjármagni sem er til skiptanna hverju sinni skv. lögnum. Samkvæmt því samkomulagi er kirkjugörðum skipt í 11 flokka með mismunandi einingaverð fyrir hvern flokk. Reynslan og rauntölur úr rekstri varðandi umhirðu og rekstur kirkjugarða á árunum fyrir breytingu, ásamt huglægri ákvörðun stjórnar KGSÍ, réði því í upphafi hvernig þessir flokkar urðu til og má sjá þá greiningu í skýrslu frá 2003.

ÁGREININGUR UM KOSTUN LÍKHÚSA

Undanfarin ár hefur verið uppi ágreiningur milli Kirkjugarðasambands Íslands og fjármálaráðuneytis hvort rekstur líkhúsa sé meðtalinn í framlagi ríkisins eða ekki. Í þeim ágreiningi hafa fulltrúar Kirkjugarðasambands Íslands vísað til 2. gr. í samkomulagi milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs, sbr. hér að framan, en þar segir:

Framlagi ríkisins til kirkjugarða er ætlað að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða, þ.m.t. rekstur, endurbætur og uppbyggingu kirkjugarða, tækjabúnað og húsakost þeirra. Óheimilt er að ráðstafa framlaginu til annarra verkefna.

Framlagið miðast við að aðrar tekjur kirkjugarða af lögbundnum verkefnum verði óbreyttar frá því sem nú er, að frátöldum verðlagshækkunum. Komi til aukin eða ný gjaldtaka af hálfu kirkjugarða fyrir þau verkefni sem samkomulagið tekur til, þá lækkar framlag ríkissjóð í sama mæli.

Í skýringum með samkomulaginu segir um 2. gr.:

Í 2. gr. er tiltekið að framlagi ríkissjóðs sé ætlað að standa undir öllum útgjöldum við verkefni kirkjugarða sem ákvörðuð eru í lögum og því verði ekki varið til annarra verkefna. Verði eigin tekjuöflun garðanna fyrir þessi verkefni aukin, þá er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði lækki jafn mikið. Í greininni er hins vegar gert ráð fyrir að kirkjugarðar geti veitt þjónustu sem fellur utan þeirra verkefna og tekið gjald fyrir það.

Eins og fram hefur komið hér að framan er rekstur líkhúsa og athafnarýma ekki lögbundið verkefni heldur er einungis heimild til kirkjugarðsstjórna að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað viðkomandi kirkjugarðs. Hins vegar segir ekkert um rekstur slíks húsnæðis, sbr. hér að framan. Deila má um hvort lögin heimili ráðstöfun á framlögum ríkisins til reksturs líkhúsa og athafnarýma þar sem lögin veiti heimild til kirkjugarðsstjórna til að láta reisa líkhús og kapellu.

Rétt er að geta þess, að skv. upplýsingum frá forsvarsmanni Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ), kom upp ágreiningur á sínum tíma við gerð framangreinds samkomulags. Var tekist á um hvort líkhúsgjald ætti að vera inni í samningi eða ekki og strönduðu samningaviðræður í nokkrar vikur vegna þess.

Á þann hnút hjuggu þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra með því að skrifa undir samninginn í apríl 2005. Það var gert þó að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) og Kirkjugarðar Akureyrar (KGA) hafi tekið gjald vegna líkhúss í eitt ár fyrir þann tíma og það gjald var síðan innheimt í eitt ár eftir að skrifað var undir samkomulagið. Gjaldtöku var síðan hætt vegna áskorunar umboðsmanns Alþingis, sem jafnframt skoraði á dóms- og kirkjumálaráðuneytið að taka af allan vafa með lagasetningu. Að þessum tilmælum hefur ekki enn verið farið.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Kirkjugarðasambands Íslands var þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra fullkunnugt um gjaldtökuna þegar samningurinn var undirritaður. Tekjur af því gjaldi voru ekki dregnar frá framlagi ríkisins enda var sá skilningur hjá ráðherrunum að það væri ekki inni í samningnum að sögn fulltrúa KGSÍ. Nú túlkar fjármálaráðuneytið það þannig að verði líkhúsgjald innheimt eigi það að dragast frá framlagi ríkisins. Þetta er sagt hér samkvæmt upplýsingum frá KGSÍ.

Það er mat skýrsluhöfundar að þessi túlkun ráðuneytisins stangist á við lögin og framangreindan samning um framlög til kirkjugarða, sbr. hér að framan. Einnig má, miðað við stranga túlkun á lögum nr. 36/1993 og ákvæði framangreinds samkomulags um framlög ríkisins til kirkjugarða, draga í efa að kirkjugarðar hafi heimild til að nota hluta af framlagi ríkisins til kirkjugarða til reksturs líkhúsa. Á þetta ekki hvað síst við þegar halli er á rekstri viðkomandi kirkjugarðs eins og t.d. hjá KGRP á árinu 2011.

FRÁ ANDLÁTI TIL GREFTRUNAR - LAGAUMHVERFI

Í lögum er nokkuð skýrt kveðið á um þrjú atriði frá andláti og þar til greftrun hefur farið fram. Jafnframt eru lögin nokkuð skýr um það hver skuli bera kostnaðinn af þeim þáttum sem lög ná yfir. Í fyrsta lagi eru lög skýr varðandi andlát, þ.e. hvernig það skuli úrskurðað o.s.frv. Í öðru lagi varðandi útgáfu dánarvottorðs og meðferð á veraldlegum eigum hins látna eftir andlát. Í þriðja lagi varðandi legstað, líkbrennslu og/eða greftrun.

Lög ná hins vegar ekki yfir það hvernig skuli fara með hinn látna frá andláti til

brennslu og/eða graftrar. Lögin kveða ekkert á um hvers konar húsnæði eða geymslu skuli notast við. Né hver skuli bera kostnað af líkhúsi, rekstri þess og fjárfestingu. Þannig taka lög ekki á meðhöndlun né varveislu hins látna tímann frá andláti til brennslu og/eða greftrunar.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að lög ná ekki yfir undirbúning og framkvæmd útfara nema að hluta né líkhús eða líkgeymslur.

Andlát

Í lögum um ákvörðun dauða nr. 15/1991 er kveðið á um það hvenær maður teljist vera látinn. Jafnframt eru í gildi reglur nr. 430/1994 um skilmerki dauða. Er nánar útfært í reglum með hvaða hætti ákvörðun verði tekin um að einstaklingur sé látinn.

Lög nr. 16/1991 um brottnám líffæra kveða skýrt á um hvenær heimilt er að nema á brott líffæri eða lífræn efni úr látnum einstaklingi og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla. Í lögnum segir m.a. að annað hvort þurfti hinn látni að gefa samþykki sitt fyrir andlát fyrir brottnámi líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama eða samþykki nánasta vandamanns hans og að slíkt sé ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Einnig eru í lögnum kveðið á um hvernig úrskurður um andlát skuli fara fram áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott o.s.frv.

Segja má að við andlát verði til nýr lögaðili, þ.e. dánarbú hins látna. Dánarbúið tekur við veraldlegum skyldum og réttindum hins látna sem eru ekki bundin persónu hans. Formlega verður dánarbúið til þegar dánarvottorð hefur verið afhent Hagstofu Íslands. Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 gilda um dánarbú.

Kostnaður sem verður til í þessu ferli fellur á viðkomandi stofnun og kostnaður vegna dánarbús fellur á dánarbúið sjálft.

Dánarvottorð

Um ritun og útgáfu dánarvottorðs gilda lög um dánarvottorð, krufningar o.fl. nr. 61/1998. Dánarvottorð gegna einkum tvenns konar hlutverki: Tilkynningu til Hagstofu Íslands varðandi banamein og andlát viðkomandi og tilkynningar til skiptaráðanda eða sýslumanns um að bú viðkomandi skuli tekið til skipta. Auk þess er í gildi reglugerð nr. 248/2001 um ritun dánarvottorða, réttarlæknisfræðilega líkskoðun, réttarkrufningu og tilkynningu til Hagstofu Íslands um andavana fædd börn.

Kostnaður vegna þessa fellur á viðkomandi stofnanir.

Undirbúningur og framkvæmd útfara og líkgeymsla

Það ferli sem við tekur við undirbúning og framkvæmd útfarar fram að greftrun eða líkbrennslu byggist fremur á hefðum og reglum viðkomandi trúfélaga frekar en lögum og reglugerðum.

Á stærri þéttbýlisstöðum er venjan að venslamenn hins látna fái útfararþjónustu til liðs við sig til að skipuleggja og undirbúa útför. Útfararstofan vinnur síðan í samráði við venslamenn hins látna og prest eða þann sem annast jarðarförina. Ekkert er í lögum né reglugerðum sem skyldar venslamenn hins látna til að hafa þennan háttinn á og þeir geta sjálfir annast þennan þátt kjósi þeir svo. Einnig geta þjónustukaupin af útfararstofu verið mismikil allt eftir vilja venslamannanna.

Fyrir þessa þjónustu innheimtir viðkomandi útfararstofa ákveðna þóknun sem

venslamenn hins látna og/eða dánarbú hans stendur undir.

Um er að ræða kostnað sem fellur til hjá útfararstofunni sjálfri, vegna flutnings á hinum látna, kistu, meðhjálpara í kirkju, tónlist, blóm, sálmaskrá o.fl., eða allt fyrir utan prestsþjónustu.

Þjónusta prestsins við útför er greidd af þeim kirkjugörðum sem jarðsett er í. Ásamt kostnaði við grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Um útfararþjónustu segir einungis eftirfarandi í 21. grein laga nr. 36/1993:

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi sýslumanns. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns. Synjun sýslumanns um veitingu leyfis er kæránleg til ráðuneytisins. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð. Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

Reglugerð um útfararþjónustu er nr. 426/2006. Þar er m.a. kveðið á um að þeir einir megi reka útfararþjónustu er til þess hafa fengið leyfi innanríkisráðuneytisins. Enn fremur segir í reglugerðinni að útfararþjónusta geti verið í höndum einstaklinga, félaga, stofnana eða annarra lögaðila, þ.m.t. sóknarnefnda og kirkjugarðsstjórna.

Í 7. grein reglugerðarinnar segir eftirfarandi:

Til starfseminnar skal útfararþjónusta hafa sérstaka skrifstofu, merкта bifreið til líkflutninga og annan búnað sem nauðsynlegur telst til boðlegrar þjónustu. Óheimilt er að nota bifreiðar útfararþjónustu til annars en þess sem tengist útför. Enn fremur skal útfararstofan sýna fram á að hún geti útvegað þá aðstöðu sem hún ræður ekki sjálf yfir, svo sem í líkhúsi. Á fámennum stöðum er heimilt að víkja frá framangreindum skilyrðum.

Varðandi líkhús segir einungis í reglugerðinni að útfararstofan skuli sýna fram á að hún geti útvegað þá aðstöðu sem hún ræður ekki sjálf yfir, svo sem í líkhúsi, en ekkert er um þetta í lögum.

Hvergi er að finna í lögum né reglugerð hverjum beri að eiga og reka líkhús og þá hvernig þau skulu búin. Ekki er heldur tekið á því hver eigi að bera kostnað af rekstri líkhúsa og þeirri þjónustu sem þar fer fram.

M.a. vekur það athygli að í reglugerðinni segir að útfararþjónusta megi ekki nota bifreið útfararþjónustu til annars en þess sem tengist útför. Hins vegar segir ekkert um hvers konar húsnæði líkhús eða líkgeymslur skuli vera í. T.d. má spyrja hvernig bregðast ætti við ef líkgeymsla væri í iðnaðarhúsnæði þar sem önnur óskyld starfsemi færi fram t.d. bifreiðaverkstæði?

Legstaður, greftrun og líkbrennsla

Um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu gilda lög nr. 36/1993. Þar er m.a. kveðið skýrt á um að skylt sé að greftra lík í lögmaetum kirkjugarði eða brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun (bálstofu).

Með hliðsjón af þessu ákvæði má spyrja hvort ekki færi betur á því að sett væri í lög að skylt sé að geyma lík í viðurkenndu líkhúsi, sem þyrfti síðan að standast ákveðnar kröfur. Í stað þess að hafa þetta eins og nú er, að engar kröfur eru gerðar um slíkt né til þess húsnæðis sem notað er skv. gildandi lögum.

Í lögnum er m.a. tekið á því hvað kirkjugarður er og að hver einstaklingur eigi

lögvarinn rétt til legstaðar.

Einnig er skýrt tekið á því í 39. gr. laganna að rekstur kirkjugarða skuli greiddur úr ríkissjóði skv. fjárveitingu í fjárlögum hver árs. Einnig er tekið á skyldum sveitarfélaga um útvegum lands fyrir kirkjugarða og í hvernig ástandi sveitarfélagið skuli skila því o.s.frv.

Þannig má ljóst vera að nokkuð vel er bundið í lög um allt er varðar kirkjugarða og grafartöku, þ.m.t. hver eigi að greiða kostnað o.s.frv.

Hins vegar eru ekki lögum ákvæði um líkhús, hver eigi að reka þau og kosta.

LÍKHÚS

Af framanrituðu má ljóst vera að rekstur líkhúsa og athafnarýma þeim tengdum er ekki lögbundinn. Í VI. kafla laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, en kaflinn fjallar um uppdrætti af kirkjugörðum og framkvæmdir við þá, segir í 20 gr.:

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisastöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af [kirkjugarðaráði]¹⁾ og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

[Kirkjugarðsstjórn er heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur, en því aðeins að tryggt sé að það gangi ekki svo nærri fjárhag kirkjugarðsins að hann sé ófær um að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Ráðherra setur reglur um fjárstuðning kirkjugarðsstjórna í þessum efnum.]²⁾

Skýlt er kirkjugarðsstjórn að annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl.

Eins og þarna kemur fram er kirkjugarðsstjórn heimilt að láta reisa kapellu og líkhús en ber ekki skylda til þess. Einnig segir að heimilt sé að gera þetta á kostnað viðkomandi kirkjugarðs. Lögin kveða hins vegar ekki skýrt á um það hvernig eigi að fjármagna þann rekstur. Hins vegar, eins og segir í lögnum, er kirkjugarðsstjórn skylt að annast greftrunarkirkju og kosta rekstur hennar, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl. Síðan segir að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur sem einnig eru sóknarkirkjur, en einungis þó ef tryggt sé að það gangi ekki svo nærri fjárhag kirkjugarðsins að hann sé ófær um að gegna lögbundnu hlutverki sínu.

Af þessu má vera nokkuð ljóst að lög kveða skýrt á um meðferð mála og hver eigi að bera kostnað fram að andláti og útgáfu dánarvottorðs. Samkvæmt lögum á ríkið að bera allan þann kostnað. Síðan kemur tímabil eftir þetta fram að greftrun. Samkvæmt núgildandi lögum ber engum lagaleg skylda til að geyma lík eða útvega athafnasvæði vegna frágangs á látnum einstaklingi og ekki eru heldur ákvæði um það hver eigi að bera kostnað sem fellur til vegna þessa, hvað þá í hvers konar húsnæði o.s.frv. Aftur á móti kveða lög skýrt á um rétt einstaklings til greftrunar og umhirðu grafarsvæðis til frambúðar á kostnað ríkisins.

Aðstaða til að geyma lík fram að jarðsetningu eða bálför er mismunandi á landinu. Viðast hvar er aðstaðan nokkuð góð. Á landsbyggðinni eru það einkum sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir í kaupstöðum og stærri kaupunum sem sjá um þessa þjónustu en fáeinir stórir kirkjugarðar í þéttbýli eiga og reka líkhús og má þar nefna Kirkjugarða

Reykjavíkurrófastsdæma (KGRP), Kirkjugarða Akureyrar og Kirkjugarð Hafnarfjarðar.

Á síðustu árum hafa einkaaðilar hafið rekstur líkhúsa.

Tafla 1: Líkhús/-geymslur á nokkrum stöðum á landinu árið 2008

Staður:	Staðsetning/rekstraraðili:	Aðstaða fyrir:
Akranes	Sjúkrahúsið	Sjö lík
Borgarnes	Kirkjugarður/Heilsugæsla	Þrjár til fimm kistur
Stykkishólmur	Sjúkrahúsið	Þrjár kistur
Ólafsvík	Kirkjunni/kirkjugarður	Fjórar kistur
Patreksfjörður	Sjúkrahúsið	Tvær kistur
Ísafjörður	Sjúkrahúsið á Ísafirði	Þrjár kistur
Hólmavík	Hólmavíkurkirkja	Eina til tvær kistur
Hvammstangi	Heilb.st. á Hvammstanda	Tvær kistur
Blönduós	Heilb.st. Blönduós	Átta kistur
Sauðárkrókur	Heilb.st. Sauðárkróks	Fjórar kistur
Siglufjörður	Heilb.st. á Siglufirði	Þrjár kistur
Ólafsfjörður	Hornbrekka	Þrjár kistur
Dalvík	Heilsugæslust. á Dalvík	Tvær til þrjár kistu
Akureyri	Kirkjugarðar Akureyrar	24 kistur
Húsavík	Heilb.st. á Húsavík	Fjórar til fimm kistur
Þórshöfn	Kirkjunni/kirkjugarður	Eina kistu
Vopnafjörður	Heilb.st. Austurlands	Tvær kistur
Egilsstaðir	Heilb.st. Austurlands	Þrjár kistur
Seyðisfjörður	Sjúkrahúsið á Seyðisfirði	Tvær kistur
Neskaupstaður	Heilb.st. Austurlands	Fjórar kistur
Eskifjörður	Fjarðabyggð	Tvær kistur
Fáskrúðsfjörður	Uppsalið, hjúkrunarheimili	Tvær kistur
Höfn	Kirkjan á Höfn/kirkjugarður	Fjórar kistur
Kirkjubæjarklaustur	Klausturhólar, hjúk.- og dv.	Tvær kistur
Hella	Hjúkrunarheimilið Lundur	Tvær kistur
Selfoss	Heilb.st. Suðurlands	Fimm til sex kistur
Vestmannaeyjar	Sjúkrahús Vestmannaeyja	Sex kistur
Suðurnes	Einkarekið	Fjórtán kistur
Hafnarfjörður	Kirkjugarðar Hafnarfjarðar	Níu kistur
Reykjavík	Einkarekið	Sex kistur
Reykjavík	Kirkjugarðar Reykjavíkur	70 kistur
Selfoss	Einkarekið	12 til 14 kistur
Hveragerði	Dvalarheimilið Ás	Tvær kistur
Hveragerði	Kirkjan/kirkjugarður	Tvær kistur

Heimild: Kirkjugarðar Reykjavíkur

Tafla 1 sýnir hvaða fyrirkomulag var vegna líkhúsa eða líkgeymslna á landinu árið 2008. Ekki er um nákvæma upptalningu að ræða og ekki tæmandi.

Yfirleitt er það þannig að viðkomandi þéttbýlisstaður þjónar næsta nágrenni og næstu þéttbýlisstöðum. Sem dæmi um það má nefna Sjúkrahúsið á Ísafirði sem þjónar hvað þetta varðar öllum norðanverðum Vestfjörðum.

Eins og taflan sýnir getur verið nokkuð mismunandi hvernig líkgeymslum og líkhúsum er háttáð á landinu. Einnig er mjög mismunandi hver á og kostar þennan þátt.

Eins og þarna kemur fram sjá heilbrigðisstofnanir víða um þennan þátt og er þá kostnaðurinn væntanlega gjaldfærður þar og þá hjá ríkinu. Í sumum tilfellum er þessi aðstaða hjá hjúkrunar- og dvalarheimilum og gjaldfærist kostnaðurinn væntanlega hjá þeim. Þessi heimili eru yfirleitt rekin á daggjöldum frá Tryggingastofnun ríkisins. Ljóst er að í þeim er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna líkhúss eða líkgeymslu. Ef halli er á rekstri hjúkrunar- og dvalarheimilis lentir hann oft á viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem annast reksturinn. Þannig má gera ráð fyrir að útgjöld vegna líkgeymsla, sem eru í hjúkrunar- og dvalarheimilum, lendi a.m.k. að hluta á viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Eins og kemur fram í töflu 1 annast Fjarðabyggð rekstur líkgeymslu á Eskifirði ásamt aðstöðu fyrir líkbíl og kapellu. Í nokkrum tilfellum er geymslan í kirkjum og lendir þá kostnaðurinn að hluta til á rekstri viðkomandi kirkna. Í flestum tilfella þegar svo háttar er kirkjugarðurinn látinn greiða hlutdeild. Í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði hafa kirkjugarðarnir annast rekstur líkhúsa og þá fjármagnað reksturinn. Loks hafa einkaaðilar annast þetta og þá væntanlega á kostnað aðstandenda og/eða viðkomandi dánarbús.

Þannig má ljóst vera að mismunandi er hvernig þessum málum er háttáð á landinu og hver kostar. Samantekið lítur þetta þannig út:

Tafla 2: Samantekið yfirlit yfir framkvæmdar- og kostnaðaraðila líkhúsa og -geymslna á landinu árið 2008

<u>Framkvæmdaraðili</u>	<u>Kostnaðaraðili</u>
Kirkjur	Þjóðkirkjan/ríkið
Kirkjugarðar	Sjálfsseignarstofnun/ríkið
Heilbrigðisstofnanir	Ríkið
Hjúkrunar- og dvalarheimili	Ríkið/sveitarfélög
Sveitarfélög	Sveitarfélög
Útfararstofur	Kirkjugarðar/ættingjar/ dánarbú

Í Reykjavík og á Akureyri er málum þannig háttáð að engar geymslur eru fyrir látið fólk á sjúkrahúsum. Í mörgum (flestum) tilfellum eru einstaklingar af landsbyggðinni, sem látast á höfuðborgarsvæðinu, sendir í líkhús Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) fyrst eftir andlát. Það sama er að segja með lík úr nærsveitum Akureyrar.

Samkvæmt upplýsingum frá KGRP létust 1.986 einstaklingar á árinu 2011. Einstaklingar skráðir í skráningarkerfið í líkhúsi KGRP á árinu 2011 voru 1.406, eða um 70% af þeim sem létust á árinu.

Fjöldi þeirra sem voru minna en sólarhring í líkhúsi var 486, eða um 35% af heildarfjöldanum árið 2011. Tala þeirra sem voru meira en sólarhring í líkhúsi var 920.

Þannig má ljóst vera að KGRP bera kostnað ekki einungis vegna látinna einstaklinga af höfuðborgarsvæðinu heldur einnig vegna látinna einstaklinga annars staðar að af landinu. Hlutfallslega er þetta svipað hjá KGA.

Allar útfararstofur í Reykjavík notast alfarið við líkhús KGRP að undanskilinni einni útfararstofu, sem hefur geymslu fyrir sex kistur. Sú útfararstofa notast við líkhús KGRP þegar það hentar en hinar notast alfarið við líkhúsið.

Aðstaða fyrir snyrtingu og frágang í kistu fer fram í forrými líkhússins í Fossvogi. Allar útfararstofur nota það rými að undanskilinni einni sem er með geymslu fyrir sex kistur, sbr. hér að framan. Í einhverjum tilfellum notast sú útfararstofa við eigin aðstöðu.

Fyrir aðstöðuna í Fossvogi, þ.e. líkhúsið og aðstöðu fyrir snyrtingu og frágang í kistu, greiða útfararstofurnar ekkert.

Fyrir Kirkjugarða Reykjavíkur er um að ræða kostnað vegna reksturs húsnæðisins og aðstöðu og laun starfsmanna sem veita ákveðna þjónustu í líkhúsinu.

Auk líkhússins notast allar útfararstofurnar í Reykjavík við athafnarými Kirkjugarða Reykjavíkur. Athafnarými KGRP eru Fossvogskirkja, Kapella og Bænhús.

Vegna athafna, sem fram fara í Fossvogi (húsnæði KGRP), panta allar útfararstofurnar athafnarými í gegnum bókunarkerfi Kirkjugarða Reykjavíkur prófastdæmis (KGRP) sem er á netinu. Ekkert viðskiptasamband er á milli KGRP og aðstandenda í þessum viðskiptum heldur einungis við viðkomandi útfararstofu sem pantar húsnæðið. Frá síðustu áramótum hafa KGRP innheimt 6.000 kr. fyrir útför og 3.000 kr. fyrir kistulagningarbæni. Þessar athafnir, þ.e. útfarir og bæni, fara jafnframt fram í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu, sem taka flestar fyrir útfarir svipaða upphæð og KGRP, skv. upplýsingum frá KGRP.

Nú liggur fyrir kæra frá einni útfararþjónustu sem telur að ekki eiga að greiða neitt fyrir athafnarými í Fossvogi þar sem ekki sé bein lagaheimild fyrir því.

SKÝRSLA UM FJÁRMÁL KIRKJUGARÐA (2003) OG ÚTTEKT Á SAMKOMULAGI VIÐ RÍKIÐ (2011)

Í mars 2003 kom út skýrsla sem unnin var að frumkvæði Kirkjugarðasambands Íslands, *Skýrsla um fjármál kirkjugarða*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir gjaldalíkani fyrir kirkjugarða og skiptingu kirkjugarða í 10 flokka. Á grundvelli þessa líkans og flokkaskiptingu kirkjugarða hafa framlög til kirkjugarða tekið mið frá því að samkomulag var gert við ríkið um framlög til kirkjugarða í ársbyrjun 2005. Gjaldalíkanið byggir á ítarlegum upplýsingum sem eru grundvöllur til að áætla kostnað við rekstur kirkjugarða. Það er mat skýrsluhöfundar að það eigi ekki að vera fólkið mál að leysa ágreining um fjárþörf kirkjugarða með jafn ítarlegar upplýsingar til að byggja á.

Árið 2011 var unnin úttekt á því hvernig framlög ríkisins voru samanborið við ákvæði samkomulagsins frá 2005 og reiknilíkans sem lagt var til grundvallar við útreikning á framlög ríkisins. Eins og þar kemur fram hafa framlögin ekki verið í samræmi við reiknilíkanið frá árinu 2009. Ein af niðurstöðunum í úttektinni var eftirfarandi: *Túlkun ríkisins virðist vera á þann hátt að skerðing framlags innan ársins eigi að hafa áhrif á komandi ár, þannig að skerðingin er varanleg*. Þessi framkvæmd á skerðingunni hefur haft alvarleg

áhrif á fjárhag kirkjugarðanna og ljóst að ef ekki fæst leiðrétting á henni gæti það haft í för með sér að kirkjugarðar drabbist niður og draga þurfi verulega úr þjónustu stærri kirkjugarða.

Það eykur svo enn á vanda kirkjugarða í þéttbýli að það dregur verulega úr sjálfböðu vinnu við kirkjugarða. Hvað gerist þegar henni verður ekki til að dreifa og ef ekki fæst leiðrétting á framlögum til kirkjugarða? Eftirfarandi setning, sem skýrsluhöfundur fékk senda frá einum verktaka á landsbyggðinni, segir nokkuð varðandi kostnað við grafartöku: *En svo þú vitir af þá eru tölur á sumum stöðum niður í 25-30.000 á gröf og þá eru ættingjar eða venlamenn að moka yfir.* Þarna eru ættingjar hættir að taka gröf en eru tilbúnir til að moka yfir. Það er einungis spurning um tíma en ekki hvort hvenær þeir verða ekki tilbúnir til þess moka yfir.

ÁRSREIKNINGUR KIRKJUGARÐA REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Til að glöggva sig á því hvort fjárveitingar ríkisins til reksturs kirkjugarða duga er eðlilegt að skoða ársreikninga kirkjugarða. Hins vegar er framsetning ársreikninganna þannig að með því að skoða eingöngu niðurstöðu þeirra fæst ekki alveg rétt mynd af því hvort framlög ríkisins dugi til að standa undir rekstri garðanna.

Þar sem tæplega 50% af framlögum ríkisins til kirkjugarða renna til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) er rétt að skoða ársreikning KGRP í þessu sambandi. Skoðaður var ársreikningur vegna árána 2010 og 2011.

Tafla 3: Rekstrarreikningur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma árið 2010 og 2011

	Skýr.	2011	2010
Lögbundnar tekjur	3	406.153.527	427.866.530
Aðrar tekjur		49.260.207	47.081.441
Laun og launatengd gjöld	4	(315.538.324)	(295.719.906)
Rekstur og viðhald fasteigna		(52.671.661)	(39.023.737)
Rekstur og viðhald garða		(23.217.987)	(25.635.062)
Þjónusta presta		(21.384.510)	(21.760.463)
Annar rekstrarkostnaður		(36.992.195)	(34.900.292)
Afskriftir fastafjármuna	7	(38.238.263)	(39.142.402)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(32.629.206)	18.766.109
Hlutdeild í afkomu dótturfélags	8	23.627.100	18.358.098
Fjármunatekjur	5	13.058.560	11.327.094
Fjármagnsgjöld	6	(10.745.265)	(10.758.777)
(Tap), hagnaður ársins		(6.688.811)	37.692.524

Heimild: Ársreikningur 2011 fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Tafla 3 sýnir rekstrarreikning KGRP fyrir árið 2010 og 2011.

Við skoðun ársreikningsins eru einkum þrjú atriði sem skýrsluhöfundur vill benda á.

Í ársreikningnum eru ný grafarsvæði færð til eigna. Þannig voru eignfærð ný grafarsvæði hjá KGRP á árinu 2011 fyrir 21.857 þús. kr. Samtals eru grafarsvæði og

stígar eignfærð hjá KGRP skv. ársreikningi 2011 fyrir 197.983 þús. kr. Vegna þessa voru gjaldfærðar afskriftir fyrir 8.794 þús. kr. á árinu 2011. Það er spurning hvort ekki væri eðlilegra að kostnaður við grafarsvæði sé allur gjaldfærður þegar hann fellur til. Ef það hefði verið gert á árinu 2011 væru rekstrarútgjöldin hærri sem nemur mismuninum á nýframkvæmdinni (21.857 þús. kr.) og gjaldfærðri afskrift vegna grafarsvæða (8.794 þús. kr.), eða hækkun á rekstrartapi ársins um 13.063 þús. kr.

Ætla má að þetta gæfi gleggri mynd af rekstrarafkomu kirkjugarðanna. Enda verður að telja eðlilegt að þetta sé gert þannig. Almennt í fyrirtækjarekstri eru eignir eignfærðar ef þær geta skapað tekjur í framtíðinni og/eða eru seljanlegar. Hvorugt á við í þessu sambandi. Með hliðsjón af því er eðlilegt að kostnaður við grafarreiti sé gjaldfærður frekar en eignfærður. Það myndi einnig gefa réttari mynd af rekstrarafkomu kirkjugarðanna.

Tafla 4: Önnur mannvirki og stígar í gördum, eignfærsla/afskrift

	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Eignfært á árinu	4.284.057	10.475.227	70.321.828	3.304.519	21.857.557	110.243.188
Afskrift ársins	4.488.684	5.536.763	6.181.184	8.796.530	8.793.719	33.796.880
Mismunur	-204.627	4.938.464	64.140.644	-5.492.011	13.063.838	76.446.308

Heimild: Ársreikningar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma 2007 til 2011

Tafla 4 sýnir nýframkvæmdir vegna grafarsvæða og stíga hjá KGRP árin 2007 til 2011 og hvað var afskrifað þessi sömu ár vegna grafarsvæða. Allt á verðalagi hvers árs. Fengið úr ársreikningum KGRP.

Eins og þarna kemur fram eru fjárfestingar í nýjum grafarsvæðum mun meiri en afskriftirnar á þessu tímabili. Munurinn er 76,4 millj. kr. Bókhaldslega ættu uppsafnaðar afskriftir á ákveðnu tímabili að samsvara kostnaði við nýframkvæmdir. Af þessu má ljóst vera að það gerist ekki enda eru nýframkvæmdir vegna nýrra grafarsvæða, sem koma ekki í staðinn fyrir þær sem fyrir eru. Þetta er eðlilegt þar sem þörfin á nýjum grafarreitum er mun meiri en afskriftir á þeim sem fyrir eru skv. bókhaldsreglum enda erfitt að sjá hvernig á að afskrifa í eiginlegri merkingu eldri grafarsvæði. Af þessari ástæðu getur rekstrareikningurinn ekki gefið rétt mynd af þörfinni fyrir fjármagn vegna nýrra grafarsvæða og því hætta á, a.m.k. hjá stærri kirkjugördunum, að fjárvöntun verði vegna þessa. Eðlilegt verður að telja að kostnaður við ný grafarsvæði sé allur gjaldfærður þegar hann fellur til og þá ekki eignfærður.

Í öðru lagi færast rekstrarafkoma dótturfélagsins, Útfararstofu kirkjugarðanna ehf sem er í 100% eigu KGRP, inn í rekstrarreikning KGRP. Eins og þarna kemur fram bætir það afkomu KGRP um 23,6 millj. kr. Það getur vart talist eðlilegt að hluti þjónustugjalda útfararstofunnar, sem aðstandendur og/eða dánarbú hins látna greiða, sé notaður til að greiða niður rekstrarútgjöld KGRP, sem sinnir svo til eingöngu lögbundnum verkefnum fyrir utan rekstur líkhúss og kapellu.

Ef það er vilji löggjafans að rekstur líkhúss sé ekki lögbundið verkefni og þar af leiðandi reksturinn ekki fjármagnaður af ríkinu verður að telja eðlilegt að útfararstofur almennt greiði gjald til KGRP ef notast er við líkhúsið í Fossvogi. Í stað þess að Útfararstofa Kirkjugarðanna skili hagnaði sem að hluta er notaður til að standa undir rekstri KGRP ef fjármagn vantar til rekstursins.

Miðað við óbreytt fyrirkomulag að öðru leyti ætti það að geta leitt til lækkunar á gjaldskráum útfararstofa miðað við að Útfararstofa Kirkjugarðanna sé leiðandi í verðlagningu þjónustunnar. Rétt er að taka fram að þetta er mat skýrsluhöfundar og hefur hann ekki gert sérstaka athugun á þessu.

Í þriðja lagi eru fjármunatekjur færðar til tekna í rekstrarreikningi. Þessar tekjur eru m.a. vegna bankainnstæða og verðbréfa sem KGRP eiga til að mæta lífeyrisskuldbindingum starfsmanna KGRP og eru því ekki til ráðstöfunar fyrir daglegan rekstur kirkjugarðanna. Á árinu 2011 voru fjármunatekjur KGRP 13,1 millj. kr., sem bætir reksturinn sem því nemur. Gera má ráð fyrir að þessar tekjur séu að mestu tilkomnar vegna þessara innistæðna.

Tafla 5: Bankainnstæður og verðbréf til að mæta lífeyrisskuldbindingum skv. ársreikningi 2010 og 2011

	2011	2010
Bankainnstæður	120.250.200	171.350.415
Verðbréf	116.315.829	0
	<u>236.566.029</u>	<u>171.350.415</u>

Heimild: Ársreikningur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Tafla 5 sýnir bankainnstæður og verðbréf KGRP til að mæta lífeyrisskuldbindingum samkvæmt ársreikningi 2010 og 2011. Eins og tafla sýnir er hér um verulega fjármuni að ræða, eða skv. ársreikningi 2011 samtals 236,6 millj. kr. Það getur orkað tvímælis að vera með slíka fjármuni í daglegum rekstri kirkjugarða og hætta á að slíkt geti valdið misskilningi við lestur ársreikningsins. Einnig má velta því fyrir sér hvort það sé eðlilegt að stjórnarmenn KGRP þurfi að taka á sig þá ábyrgð á að ávaxta slíka fjármuni eins og hér er. Slík ávöxtun á ekkert skylt við rekstur kirkjugarða.

Einnig má ætla að hætta sé á að í erfiðu árferði skapist tilhneiging til að taka peninga af þessum bankainnstæðum, sem ætlaðir eru til að mæta lífeyrisskuldbindingum starfsmanna í framtíðinni, til að standa undir daglegum rekstri kirkjugarðanna ef fjárveiting dugar ekki til þess. Samkvæmt upplýsingum frá forstjóra KGRP hefur þetta verið gert. Rétt er að fram komi að það var gert með samþykki stjórnar KGRP og eingöngu í tengslum við uppbyggingu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Í árskýrslu forstjóra og stjórnar fyrir árið 2011 segir í þessu sambandi: *Eftirlaunaskuldbinding KGRP á móti Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) var sem sagt 303,8 m. kr. um síðustu áramót. Skuld KGRP við sjóðinn var á þeim tíma kr. 67,2 m. kr., sjá skýringar endurskoðenda undir lið 12.*

Rétt er að fram komi að halli var nokkur á rekstri KGRP á árinu 2011 þrátt fyrir mikinn niðurskurð á öllum sviðum á því ári. Um var að ræða færri sumarstarfsmenn, endurnýjun véla og tækja í lágmarki og frestun á viðhaldi bygginga, skv. upplýsingum frá framkvæmdastjóra KGRP.

REKSTRARREIKNINGAR KIRKJUGARÐA ÁRIÐ 2011

Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, hefur Ríkisendurskoðun lögboðið eftirlit með ársreikningum kirkjugarða og er kirkjugarðsstjórnnum skylt að senda ársreikninga kirkjugarða til stofnunarinnar. Í hinum níu prófastsdæmum landsins eru 243 kirkjugarðar sem skila eiga ársreikningum til Ríkisendurskoðunar.

Í nóvember 2012 gaf Ríkisendurskoðun út yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2011. Samkvæmt því sem fram kemur í yfirlitinu hafði Ríkisendurskoðun borist ársreikningar frá 204 kirkjugörðum vegna ársins 2011. Í þessum kafla skýrslunnar er stuðst við upplýsingar úr ársreikningum kirkjugarðanna sem fengnar voru frá Ríkisendurskoðun. Samanteknar töflur voru unnar úr þessum upplýsingum af skýrsluhöfundum og Elíasi Péturssyni.

Tafla 6: Rekstrarafkoma kirkjugarða árið 2011 skipt eftir prófastsdæmum

Prófastsdæmi	Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	Afkoma fyrir fjármagnsliði	Afkoma eftir fjármagnsliði	Hlutdeild í afkomu dótturfélags	Afkoma að teknu tilliti til tekna af dótturf.
Kjalarnesprófastsdæmi	-681.691	-14.370.396	6.793.692	0	6.793.692
Austurlandsprófastsdæmi	-1.223.422	-1.366.688	71.133	20.328	91.461
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	-1.217.421	-8.251.952	-7.055.833	0	-7.055.833
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	-1.785.719	-1.844.326	3.196	0	3.196
Reykjavíkurborgprófastsdæmi	5.609.057	-32.629.206	-30.315.911	23.627.100	-6.688.811
Suðurlandsprófastsdæmi	-9.824.673	-9.954.193	-4.141.908	0	-4.141.908
Vestfirðisprófastsdæmi	2.536.618	2.474.183	2.922.016	0	2.922.016
Vesturlandsprófastsdæmi	-7.753.405	-8.135.796	-9.105.416	0	-9.105.416
	-14.340.656	-74.078.374	-40.829.031	23.647.428	-17.181.603

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 6 sýnir rekstrarafkomu kirkjugarða samtals í hverju prófastsdæmi árið 2011 skipt eftir afkomu fyrir afskriftir, fjármagnsliði og afkomu dótturfélaga, fyrir fjármagnsliði og eftir, fyrir hlutdeild í afkomu dótturfélags og afkoman eftir afskriftir, fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélags. Hafa ber í huga að inn í þetta uppgjör vantar upplýsingar frá 39 kirkjugörðum. Samtals var afkoman fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld neikvæð um 14,3 millj. kr.

Eins og taflan sýnir var afkoman neikvæð hjá sjö prófastsdæmum af níu fyrir afskriftir, fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélaga, þegar allir kirkjugarðarnir í hverju prófastsdæmi eru teknir saman. Þessi niðurstaða sýnir í reynd peningalega rekstrarniðurstöðu vegna daglegs reksturs kirkjugarðanna á árinu 2011. Fyrir utan þetta stendur þá fjárfesting, t.d. í nýjum grafarsvæðum, sem afskriftir eiga m.a. að mæta. Suðurlandsprófastsdæmi og Vesturlandsprófastsdæmi skera sig nokkuð úr með neikvæða afkomu. Hún var neikvæð um 9,8 millj. kr. í Suðurlandsprófastsdæmi og 7,7 millj. kr. í Vesturlandsprófastsdæmi.

Hins vegar var afkoman jákvæð fyrir afskriftir, fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélaga hjá tveimur prófastsdæmum, Reykjavíkurborgprófastsdæmi og Vestfirðisprófastsdæmi.

Þegar afkoman er skoðuð fyrir fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélaga, þ.e. afskriftir teknar með, var afkoman samtals neikvæð um 74,1 millj. kr. Hún var einungis jákvæð hjá einu prófastsdæmi, þ.e. hjá Vestfirðisprófastsdæmi. Hjá öllum hinum prófastsdæmunum, þegar kirkjugarðarnir eru teknir samtals fyrir hvert prófastsdæmi, var hún neikvæð.

Afkoman fyrir fjármagnsliði og hlutdeild í afkomu dótturfélags var neikvæð um 32,6 millj. kr. hjá Reykjavíkurborgprófastsdæmi, 14,4 millj. kr. hjá Kjalarnesprófastsdæmi, 9,9 millj. kr. hjá Suðurlandsprófastsdæmi, 8,3 millj. kr. hjá Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og 8,1 millj. kr. hjá Vesturlandsprófastsdæmi.

Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða var afkoman samtals neikvæð hjá öllum prófastsdæmunum um 40,8 millj. kr., þar af hjá Reykjavíkuprófastsdæmi um 30,3 millj. kr.

Þegar tekið hefur verið tillit til hlutdeildar í afkomu dótturfélaga var afkoman samtals neikvæð um 17,2 millj. kr. Munar þar mest um hlutdeild í afkomu Útfararstofu Kirkjugarðanna hjá KGRP.

Til að skoða rekstrarafkomu hvers kirkjugarðs í hverju prófastsdæmi á árinu 2011 er vísað í fylgiskjal 1 í skýrslunni.

Samkvæmt samantekinni rekstrarafkomu 204 kirkjugarða, sem skiluðu ársreikningum til Ríkisendurskoðunar, var heildar niðurstaða þessara kirkjugarða neikvæð um 17,2 millj. kr., eða 40,8 millj. kr. ef ekki er tekið tilliti til hlutdeildar í afkomu dótturfélaga.

Rétt er að fram komi að fengnar voru upplýsingar frá um 70 forsvarsmönnum kirkjugarða í tölvupóstum um rekstur viðkomandi garða á árinu 2011. Í mörgum þessara tölvupósta kom skýrt fram að framlög frá ríkinu dygðu ekki til að standa undir raunverulegum kostnaði við umhirðu og grafartöku. Sérstaklega átti þetta við sveitakirkjugarða og kirkjugarða í smærri bæjarfélögum.

Í mörgum tilfella væri samið við verktaka um að taka verkið fyrir það gjald sem fengist frá ríkinu, t.d. vegna grafartöku, þó það væri langt undir raunkostnaði. Einnig kom fram í nokkrum tölvupóstum að grafartaka og jafnvel umhirða væri unnin að mestu eða öllu leyti í sjálfboðavinnu.

Af þessu má ljóst vera, miðað við að rekstrar afkoma kirkjugarðanna samtals er jafn neikvæð og tafla 6 sýnir, að margir kirkjugarðar eiga í verulegum rekstrarvanda. Ljóst má vera að verði ekki úr því bætt muni það koma niður á umhirðu kirkjugarða.

FLOKKASKIPTING KIRKJUGARÐA

Samhliða því að gerður var samningur við ríkissjóð um framlög til kirkjugarða árið 2005 ákvað stjórn kirkjugarða útteilingu fjármagns til einstakra kirkjugarða samkvæmt ákveðinni flokkaskiptingu kirkjugarða, 11 flokkar. Flokkunin byggir í bland á huglægum viðmiðunum og hlutlægum. Komið hafa upp spurningar um hvort misræmi sé á útteilingu framlags ríkisins til einstakra kirkjugarða skv. þessari flokkaskiptingu.

Tafla 7: Rekstrarafkoma kirkjugarða skipt eftir flokkum árið 2011

Flokkur	Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði (1)	Afkoma fyrir fjármagnsliði (2)	Afkoma eftir fjármagnsliði (3)	Hlutdeild í afkomu dótturfélags	Afkoma að teknu tilliti til tekna af dótturfélagi (4)
1	-928.121	-1.214.831	-702.765	0	-702.765
2	-17.190.578	-17.367.962	-14.788.639	0	-14.788.639
3	-14.451.998	-14.609.997	-12.309.445	0	-12.309.445
4	561.873	561.873	1.472.234	20.328	1.492.562
5	-3.646.372	-3.920.931	-4.115.976	0	-4.115.976
6	-6.377.967	-6.899.303	-5.246.837	0	-5.246.837
7	1.331.600	471.584	3.756.904	0	3.756.904
8	-6.085.250	-8.541.697	-8.560.470	0	-8.560.470
9	26.837.100	10.072.096	29.981.874	0	29.981.874
10	5.609.057	-32.629.206	-30.315.911	23.627.100	-6.688.811
	-14.340.656	-74.078.374	-40.829.031	23.647.428	-17.181.603

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 7 sýnir rekstrarafkomu kirkjugarða skipt eftir flokkun sem Kirkjugarðaráð notar við útteilingu á framlagi ríkissjóðs til einstakra kirkjugarða.

Miðað við rekstrarafkomu kirkjugarða skipt eftir flokkun þeirra er ljóst að afkoman er nokkuð mismunandi. Afkoman fyrir afskriftir og fjármagnsliði, þ.e. í reynd peningaleg rekstrarniðurstaða vegna daglegs reksturs kirkjugarðanna, var samtals neikvæð um 14,3 millj. kr., sbr. hér að framan. Afkoman samtals var neikvæðust hjá kirkjugjörðum í flokki 2 og 3, eða um 17,2 millj. kr. samtals hjá kirkjugörðum í flokki 2 og 14,5 millj. kr. hjá kirkjugjörðum í flokki 3. Síðan koma kirkjugarðar í flokki 6 og 8, þar sem afkoman var neikvæð um 6,4 millj. kr. og 6,1 millj. kr. Samanlögð afkoma hjá kirkjugörðum í flokki 9 var jákvæð um 26,8 millj. kr.

Ef litið er á rekstrarafkomu kirkjugarðanna eftir afskriftir og fjármagnsliði var heildarafkoman neikvæð um 40,8 millj. kr. Eins og fram kemur í töflunni var samantekin afkoma kirkjugarða í flokki 4, 7 og 9 jákvæð samtals um 35,2 millj. kr. Þar munar mest um kirkjugarða í flokki 9, þar sem samantekin afkoma var jákvæð um 29,9 millj. kr. Samantekin afkoma þeirra flokka, þar sem hún var neikvæð, var 76 millj. kr., eða nettó niðurstaða 40,8 millj. kr.

Af þessu má ætla að ástæða sé til að endurskoða útteilingu á framlagi ríkisins til einstakra kirkjugarða, sjá fylgiskjal 2 varðandi afkomu hvers kirkjugarðs í hverjum flokki fyrir sig.

Tafla 8: Gjöld og tekjur samtals og rekstrarafkoma sem hlutfall af tekjum skipt eftir flokkun kirkjugarða árið 2011

Rekstrarafkoma kirkjugarða eftir flokkum

Flokkur	Tekjur alls	Gjöld alls	(1) sem hlutfall af tekjum	(2) sem hlutfall af tekjum	(3) sem hlutfall af tekjum	(4) sem hlutfall af tekjum
1	15.831.741	16.534.506	-5,86%	-7,67%	-4,44%	-4,44%
2	31.201.814	45.990.453	-55,09%	-55,66%	-47,40%	-47,40%
3	33.994.251	46.303.696	-42,51%	-42,98%	-36,21%	-36,21%
4	45.195.776	43.703.214	1,24%	1,24%	3,26%	3,30%
5	32.825.907	36.941.883	-11,11%	-11,94%	-12,54%	-12,54%
6	41.519.537	46.766.374	-15,36%	-16,62%	-12,64%	-12,64%
7	86.426.518	82.669.614	1,54%	0,55%	4,35%	4,35%
8	45.356.005	53.916.475	-13,42%	-18,83%	-18,87%	-18,87%
9	149.437.505	119.455.631	17,96%	6,74%	20,06%	20,06%
10	529.829.508	536.518.319	1,06%	-6,16%	-5,72%	-1,26%
	1.011.618.562	1.028.800.165	-1,42%	-7,32%	-4,04%	-1,70%

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 8 sýnir tekjur og gjöld samtals og rekstrarafkomu kirkjugarða sem hlutfall af tekjum árið 2011 skipt eftir flokkun kirkjugarða. Rekstrarafkoma 1, 2, 3 og 4 hafa sömu merkinu og í töflu 7.

Ef um halla á rekstri er að ræða segir afkoman í krónum talið ekki alveg til um hvert vandamálið getur verið. Til að gera sér betur grein fyrir vandanum er rétt að skoða afkomuna sem hlutfall af tekjum.

Eins og fram kemur í töflu 8 má ætla að rekstrarvandi kirkjugarða í flokki 2 og 3 sé nokkuð mikill. Samtals er halli kirkjugarða í flokki 2 um 47% af tekjum.

Afkoman er þó mismunandi innan flokksins. Þannig lágu fyrir ársreikningar frá 58 kirkjugörðum í flokki 2. Þar af voru 37 kirkjugarðar með jákvæða rekstrarafkomu en 21 garður með neikvæða rekstrarafkomu, þar af voru fimm kirkjugarðar með halla meiri en 1 millj. kr. Samtals var afkoma hjá þessum fimm kirkjugörðum neikvæð um 17,9 millj. kr. Þannig má einnig ætla að skoða þurfi innbyrðis skiptingu á framlögum á milli kirkjugarða í flokknum.

Samtals afkoma í flokki 3 var neikvæð um 36% af tekjum. Í þessum flokki lágu fyrir upplýsingar frá 37 kirkjugörðum. Þar af voru 23 kirkjugarðar með jákvæða rekstrarafkomu en 14 neikvæða. Eins og áður voru nokkrir kirkjugarðar, fjórir talsins, sem voru með halla umfram 1 millj. kr. Samtals var hallarekstur þessara kirkjugarða 16,8 millj. kr. Þar af var Kirkjugarðar Laugalandis með halla upp á 10 millj. kr. Tekjur Kirkjugarða Laugalandis voru 3,8 millj. kr. en gjöldin 13,9 millj. kr. Rétt er að fram komi að ekki var farið í að leita skýringa á svo miklum mun á tekjum og gjöldum hjá einstökum kirkjugörðum.

Samtals var rekstrarafkoma kirkjugarða í flokki 5 12,6% af tekjum, í flokki 6 12,6% af tekjum og flokki 8 18,9% af tekjum. Í flokki 5 lágu fyrir upplýsingar frá 12 gördum, þar af var hallarekstur hjá sex. Hjá kirkjugörðum í flokki 6 lágu fyrir upplýsingar frá átta

görðum, þar af var hallarekstur hjá sjö kirkjugörðum. Í flokki 8 voru tveir kirkjugarðar. Báðir með hallarekstur. Meðaltalið fyrir þá var halli sem nam 18,9% af tekjum. Í þessum flokki eru Keflavíkurkirkjugarður, þar sem hallinn var 19,6% af tekjum, og Garðakirkjugarður þar sem hann var 17,7%.

Hjá kirkjugörðum í flokki 1 var hallinn samtals 4,4% af tekjum. Þar lágu fyrir upplýsingar frá 50 görðum. Þar af var hallarekstur hjá 8. Mest af hallanum var hjá tveimur kirkjugörðum í þessum flokki eða samtals 5,5 millj. kr. af samtals halla í þessum flokki hjá þeim kirkjugörðum sem voru með hallarekstur 6,2 millj. kr.

Í flokki 10 eru Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis. Þar var rekstrarafkoman neikvæð um 5,7% af tekjum, þegar ekki er reiknað með hlutdeild í rekstrarafkomu dótturfélags, og neikvæð um 1,3% að teknu tilliti til hennar.

Hjá þremur flokkum var samtals rekstrarafkoma jákvæð. Hjá kirkjugörðum í flokki 4 var samtals afkoma sem hlutfall af tekjum jákvæð um 3,3%. Í þessum flokki lágu fyrir upplýsingar frá 26 kirkjugörðum. Þar af var hallarekstur hjá fimm samtals að upphæð 9,9 millj. kr., þar af voru tveir með 8,9 millj. kr. Síðan voru þrjú kirkjugarðar með rekstrarafgang samtals að upphæð 4,8 millj. kr., sem ræður miklu um það að heildarafkoma kirkjugarða í þessum flokki var jákvæð.

Hjá kirkjugörðum í flokki 7 var samtals afkoma sem hlutfall af tekjum jákvæð um 4,3%. Hjá kirkjugörðum í þessum flokki lágu fyrir upplýsingar frá átta görðum, þar af var hallarekstur hjá fjórum samtals að upphæð 3,5 millj. kr. Hjá tveimur kirkjugörðum var afkoman samtals jákvæð um 6,9 millj. kr.

Í flokki nýu eru tveir kirkjugarðar. Samtals var rekstrarafkoma þessara kirkjugarða sem hlutfall af tekjum jákvæð um 20%. Hafnarfjarðarkirkjugarður var með jákvæða afkomu sem var 20,3% af tekjum og hjá Akureyrarkirkjugarði var afkoman sem hlutfall af tekjum jákvæð um 17,8%.

Af þessu má ljóst vera að rekstrarafkoman er nokkuð mismunandi á milli flokka og einnig innan flokka á milli kirkjugarða. Þannig má ætla að ástæða sé til að endurskoða þessa flokkaskiptingu og hvernig framlagi ríkisins er deilt á milli kirkjugarða.

EFNAHAGSREIKNINGUR KIRKJUGARÐA EFTIR PRÓFASTSDÆMUM

Samkvæmt efnahagsreikningum kirkjugarðanna má ætla að eignarstaða þeirra sé góð með hliðsjón af því að eigið fé þeirra samtals var í árslok 2011 2.514 millj. kr.

Tafla 9: Samantekinn efnahagsreikningur kirkjugarða árið 2011 skipt eftir prófastsdæmum

Prófastsdæmi	Fastafjármunir og áhættufé	Veltu- fjármunir	Eignir alls	Langtíma- skuldir	Skammtíma- skuldir	Skuldir samtals	Eigið fé
Reykjavíkurprófastsdæmi	1.150.867.938	57.636.238	1.208.504.176	303.754.446	40.964.857	344.719.303	863.784.873
Kjalarnesprófastsdæmi	328.574.726	322.485.190	651.059.916	0	16.497.203	16.497.203	634.562.713
Suðurlandsprófastsdæmi	79.738.430	213.352.935	293.091.365	64.005	31.322.817	31.386.822	261.704.543
Eyrjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	198.070.228	93.907.810	291.978.038	14.722.640	27.192.045	41.914.685	250.063.353
Austurlandsprófastsdæmi	79.052.568	130.109.533	209.162.101	1.892.328	5.777.611	7.669.939	201.492.162
Hönavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	10.746.041	103.133.242	113.879.283	17.909	2.977.768	2.995.677	110.883.606
Vestfirjarprófastsdæmi	44.055.919	59.492.210	103.548.129	0	3.926.786	3.926.786	99.621.343
Vesturlandsprófastsdæmi	59.574.602	68.982.632	128.557.234	22.546.900	18.003.996	40.550.896	88.006.338
	1.950.680.452	1.049.099.790	2.999.780.242	342.998.228	146.663.083	489.661.311	2.510.118.931

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 9 sýnir samanteknar upplýsingar úr efnahagsreikningum árið 2011 hjá 204 kirkjugörðum skipt eftir prófastsdæmum. Eins og taflan sýnir var eigið fé kirkjugarðanna 2.510 millj. kr., sem verður að teljast nokkuð góð eiginfjárstaða. Skuldir voru samtals 489 millj. kr., þar af voru skuldir Reykjavíkurprófastsdæmis 345 millj. kr., eða 70,5% af skuldum allra kirkjugarðanna, sjá fylgiskjal 3, um skiptingu á hvern kirkjugarð.

Spyrja má hvort eignir kirkjugarðanna séu ekki ofmetnar. Eins og komið hefur fram eru grafarsvæði og stígar í kirkjugörðum talin með eignum garðanna ásamt grafarkirkjum og kapellum. Hvert er markaðsvirði þessara eigna?

Tafla 10: Veltufjármunir kirkjugarðanna samkvæmt ársreikningum 2011 skipt eftir prófastsdæmum

Prófastsdæmi	Inneign hjá kirkju	Inneign hjá öðrum	Bankainnstæður og sjóðir	Veltufjármunir samtals
Kjalarnesprófastsdæmi	2.477.901	2.832.133	317.175.156	322.485.190
Suðurprófastsdæmi	45.857.913	4.042.963	163.452.059	213.352.935
Austurlandsprófastsdæmi	48.744.837	1.121.080	80.243.616	130.109.533
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	31.560.969	537.214	71.035.059	103.133.242
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	7.964.126	10.222.452	75.721.232	93.907.810
Vesturlandsprófastsdæmi	29.726.969	2.600.742	36.654.921	68.982.632
Vestfjarðarprófastsdæmi	24.086.219	1.149.318	34.256.673	59.492.210
Reykjavíkurprófastsdæmi	0	26.649.858	30.986.380	57.636.238
Samtals	190.418.934	49.155.760	809.525.096	1.049.099.790

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 10 sýnir skiptingu á veltufjármunum hjá kirkjugörðum 2011 skipt eftir prófastsdæmum. Eins og taflan sýnir skulda kirkjur landsins kirkjugörðunum 190 millj. kr. Inneignir eða kröfur hjá ýmsum aðilum eru 49 millj. kr. og bankainnstæður og sjóðir 809,5 millj. kr.

Velta má upp þeirri spurningu hvers vegna kirkjur skulda kirkjugörðum samtals 190 millj. kr. Eins og kemur fram í töflu 12 hér að neðan skulda kirkjugarðarnir kirkjum 68 millj. kr. Þannig er nettó skuld kirkjunnar við kirkjugarða 122 millj. kr. Vara verður við því að fjármunir séu færðir svona á milli kirkjugarða og kirkna. Af þessum kröfum eiga 13 kirkjugarðar samtals kröfur á kirkjur að upphæð 102 millj. kr., sjá fylgiskjal 4.

Er mögulegt að þetta sé í sumum tilfella m.a. vegna þess að sömu aðilar sitja í kirkjugarðsstjórn og sóknarnefndum og þannig blandist rekstur kirkjunnar og kirkjugarðanna saman.

Óneitanlega hljóta margar spurningar að vakna upp hjá fjárveitingavaldinu þegar færð eru rök fyrir rekstrarvanda kirkjugarða vegna fjárskorts þegar kirkjugarðarnir eiga samtals 809 millj. kr. í bankainnstæðum og sjóðum, skv. ársreikningi 2011. Þetta lætur nærri að vera sama upphæð og fjárveitingin skv. fjárlögum var til allra kirkjugarða árið 2011, sem var samtals 842 millj. kr.

Fylgiskjal 5 sýnir hvernig bankainnstæður og sjóðseign skiptist á milli kirkjugarða.

Tafla 11: Bankainnistæður og sjóðir hjá 10 kirkjugörðum árið 2011

Kirkjugarður	Flokkur	Bankainnistæður og sjóðir	Hlutfall af heild
Hafnarfjarðarkirkjugarður	9	248.271.686	
Lágafellskirkjugarður	7	44.337.008	
Egilsstaðakirkjugarður	6	38.123.809	
Kirkjugarðar Reykjavíkur	10	30.986.380	
Kirkjugarður Vestannaeyjum	7	30.737.464	
Kotstrandarkirkjugarður	6	25.723.549	
Sauðaneskirkjugarður Þórshöfn	4	15.077.191	
Selfosskirkjugarður	7	11.762.608	
Möðruvallasókn í Hörgárdal	3	11.200.954	
Hofsóskirkjugarður	3	10.643.877	
Samtals		466.864.526	57,7%

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 11 sýnir þá 10 kirkjugarða sem áttu hæstu bankainnistæður og sjóði í árslok 2011. Eins og þarna kemur fram áttu þessir kirkjugarðar samtals 467 millj. kr. af 809 millj. kr. eign kirkjugarðanna samtals, eða 58%. Þar af átti Hafnarfjarðarkirkjugarður 248 millj. kr.

Ýmsar ástæður eru fyrir þessu. Til dæmis er ein ástæðan sú að fjármagn safnaðist upp fyrir árið 2005 þegar greitt var til kirkjugarða eftir fjölda þeirra sem voru 16 ára og eldri á þjónustusvæði viðkomandi kirkjugarðs.

Það er mat skýrsluhöfundar að sterk fjárhagsstaða einstakra kirkjugarða geti haft áhrif á fjárveitingar til kirkjugarða og þá til lækkunar. Þetta getur komið niður á rekstri þeirra kirkjugarða sem ekki hafa sterka peningalega stöðu.

Tafla 12: Skuldir kirkjugarða samkvæmt ársreikningum 2011 skipt eftir prófastsdæmum

Prófastsdæmi	Veð-skuldir	Aðrar langtíma-skuldir	Langtíma-skuldir alls	Skuld við kirkju	Aðrir	Skammtíma-skuldir alls
Austurlandsprófastsdæmi	0	1.892.328	1.892.328	4.704.330	1.073.281	5.777.611
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	1.415.402	13.307.238	14.722.640	8.422.420	18.769.625	27.192.045
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	0	17.909	17.909	1.659.279	1.318.489	2.977.768
Kjalarnesprófastsdæmi	0	0	0	10.118.975	6.378.228	16.497.203
Reykjavíkuprófastsdæmi	0	303.754.446	303.754.446	0	40.964.857	40.964.857
Suðurlandsprófastsdæmi	0	64.005	64.005	27.771.866	3.550.951	31.322.817
Vestfirðaprófastsdæmi	0	0	0	2.460.644	1.466.142	3.926.786
Vesturlandsprófastsdæmi	0	22.546.900	22.546.900	13.236.374	4.767.622	18.003.996
Samtals	1.415.402	341.582.826	342.998.228	68.373.888	78.289.195	146.663.083

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 12 sýnir greiningu á skuldum kirkjugarða samkvæmt ársreikningum 2011, skipt eftir prófastsdæmum. Eins og þarna kemur fram skulda kirkjugarðarnir kirkjum landsins samtals 68,4 millj. kr. en á móti eiga þeir inni hjá kirkjunum 190,4 millj. kr. Þannig er nettó skuld kirkna við kirkjugarðana 122 millj. kr., sbr. hér að framan.

Tafla 13: Skuldir kirkjugarða, ein millj. kr. og hærri, við kirkjur í árslok 2011

Garður	Flokkur	Fjárhæð
Stóra-Núpskirkjugarður	4	15.746.454
Kálfatjarnarkirkjugarður	5	4.330.419
Lágafellskirkjugarður	7	4.178.819
Egilsstaðakirkjugarður	6	4.165.134
Skinnastaðarkirkjugarður	2	3.521.255
Hvammskirkjugarður	4	3.461.773
Akraneskirkjugarður	7	3.371.333
Snóksdalskirkjugarður	1	2.293.568
Ólafsvallakirkjugarður	3	2.135.117
Kolbeinsstaðakirkjugarður	2	2.099.721
Húsavíkurkirkjugarður	6	1.709.688
Hraungerðiskirkjugarður	3	1.587.720
Stóru-Borgarkirkjugarður	2	1.525.076
Stórólshvolskirkjugarður	5	1.327.487
Bessastaðakirkjugarður	6	1.210.483
Torfastaðakirkjugarður	3	1.127.788
Reykjahlíðarkirkjugarður	4	1.088.106
Viðidalstungukirkjugarður	3	1.072.558
Hofskirkjugarður í Öraefum	2	1.066.169
Samtals		57.018.668

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 13 sýnir skuldir kirkjugarða, ein millj. kr. og hærri, við kirkjur í árslok 2011. Nítján kirkjugarðar skulda kirkjum 57 millj. kr. af 68 millj. kr., eða 84%. Einn kirkjugarður, Núpskirkjugarður, skuldar kirkjunni 15,7 millj. kr.

Langtímaskuldir kirkjugarða voru samtals 343 millj. kr., skv. ársreikningi 2011, þar af voru skuldir KGRP 304 millj. kr., eða 88,6% af langtímaskuldum kirkjugarðanna. Langtímaskuld KGRP er eingöngu vegna lífeyrisskuldbindinga og eru peningalegar eignir að mestu til á móti.

Skammtímaskuldir kirkjugarðanna voru samtals 147 millj. kr., þar af voru skuldir við kirkjuna að upphæð 68 millj. kr. Skammtímaskuldir án skulda við kirkjuna voru samtals 79 millj. kr.

Af þessu má ljóst vera að skuldir kirkjugarða eru samtals ekki miklar, skv. ársreikningi 2011.

EFNAHAGSREIKNINGUR KIRKJUGARÐA EFTIR FLOKKUN ÞEIRRA

Til að fá heildarmynd af afkomu kirkjugarða skipt eftir flokkum er rétt að skoða einnig efnahag þeirra eftir sömu skiptingu.

Tafla 14: Samantekinn efnahagsreikningur kirkjugarða árið 2011 skipt eftir flokkun þeirra

Flokkur	Fastafjármunir og áhættufé	Veltu- fjármunir	Eignir alls	Langtíma- skuldir	Skammtíma- skuldir	Skuldir samtals
1	1.316.711	67.388.982	68.705.693	1.434.005	8.459.173	9.893.178
2	15.034.212	128.997.393	144.031.605	0	22.008.610	22.008.610
3	30.063.731	132.554.917	162.618.648	17.909	8.464.299	8.482.208
4	71.734.677	149.014.036	220.748.713	10.840.510	20.692.201	31.532.711
5	92.531.313	41.587.601	134.118.914	13.644.120	5.953.701	19.597.821
6	79.202.307	80.898.099	160.100.406	8.507.238	14.414.061	22.921.299
7	97.140.212	135.260.334	232.400.546	0	11.750.252	11.750.252
8	60.243.397	3.037.402	63.280.799	0	5.299.726	5.299.726
9	352.545.954	252.724.788	605.270.742	4.800.000	8.656.203	13.456.203
10	1.150.867.938	57.636.238	1.208.504.176	303.754.446	40.964.857	344.719.303
Samtals	1.950.680.452	1.049.099.790	2.999.780.242	342.998.228	146.663.083	489.661.311

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 14 sýnir samandreginn efnahagsreikning kirkjugarða árið 2011 skipt eftir flokkun þeirra.

Kirkjugarðar í flokki 4, 7 og 9 voru með jákvæða rekstrarafkomu á árinu 2011, sbr. töflu 8. Ef litið er á veltufjármuni kirkjugarða samtals, sjá töflu 14, voru veltufjármunir mestir hjá kirkjugörðum í þessum flokkum. Hæst var það hjá kirkjugörðum í flokki 9, þar sem rekstrarafkoman var best.

Kirkjugarðarnir í þeim flokkum, sem litaðir er grænir í töflu 14, flokkar 2, 3 og 8, voru með lökustu rekstrarafkomuna samtals, sjá töflu 8. Eignarstaða kirkjugarða sem eru í flokki 8 var einna lökust samkvæmt ársreikningi ársins 2011.

Ætla má að þetta styðji þá skoðun að taka þurfi til endurskoðunar hvernig framlögum ríkisins er skipt á milli kirkjugarða. Fylgiskjal 6 sýnir efnahag hvers kirkjugarðs í hverjum flokki fyrir sig.

ÁRSREIKNINGAR KIRKJUGARÐA 2008 TIL 2011

Skoðaðir voru ársreikningar kirkjugarða árin 2008 til 2011, skv. upplýsingum frá ríkisendurskoðun. Við þá skoðun kom í ljós að nokkuð mismunandi er hvernig kirkjugarðar standa skil á ársreikningum. Með hliðsjón af því er erfiðara að bera saman samandregna rekstrarafkomu og efnahag kirkjugarða á milli ára.

Tafla 15: Skil á ársreikningum skipt eftir flokkun kirkjugarða

Garð- flokkar	Kirkjugarðar samts	2008		2009		2010		2011	
		Fjöldi kirkjugarða	Hlutfall af heild	Fjöldi kirkjugarða	Hlutfall af heild	Fjöldi kirkjugarða	Hlutfall af heild	Fjöldi kirkjugarða	Hlutfall af heild
1	70	67	96%	65	93%	61	87%	50	71%
2	62	61	98%	62	100%	59	95%	58	94%
3	41	40	98%	39	95%	38	93%	37	90%
4	31	26	84%	28	90%	29	94%	26	84%
5	15	15	100%	15	100%	15	100%	12	80%
6	9	8	89%	8	89%	9	100%	8	89%
7	8	8	100%	8	100%	7	88%	8	100%
8	2	2	100%	2	100%	2	100%	2	100%
9	2	1	50%	1	50%	2	100%	2	100%
10	1	1	100%	1	100%	1	100%	1	100%
Samts	241	229	95%	229	95%	223	93%	204	85%

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 15 sýnir fjölda þeirra kirkjugarða sem skiluðu ársreikningum til ríkisendurskoðunar á árunum 2008 til 2011 skipt eftir flokkum. Eins og taflan sýnir er nokkuð mismunandi hvernig kirkjugarðar standa skil á ársreikningum á milli ára. 229 kirkjugarðar skiluðu ársreikningum árið 2008 en 204 árið 2011, eða 25 færri garðar. Einnig er fjöldinn nokkuð mismunandi á milli á flokka á milli ára eins og fram kemur í töflunni.

Tafla 16: Fjöldi kirkjugarða sem skiluðu ársreikningum og veltufjármunir þeirra samtals árin 2008 til 2011 skipt eftir flokkun kirkjugarða

Fjöldi kirkjugarða Garðflokkur	229	229	223	204
	Veltufjármunir 2008	Veltufjármunir 2009	Veltufjármunir 2010	Veltufjármunir 2011
1	69.627.392	75.463.491	80.143.273	67.388.982
2	117.853.177	137.164.946	129.886.184	128.997.393
3	132.245.940	140.632.408	131.357.926	132.554.917
4	147.486.558	173.059.725	170.617.132	149.014.036
5	67.981.521	65.533.646	64.646.995	41.587.601
6	110.149.945	108.240.788	110.383.565	80.898.099
7	114.997.903	113.621.415	90.659.504	135.260.334
8	4.376.663	3.382.079	4.375.033	3.037.402
9	41.230.149	7.115.024	253.594.021	252.724.788
10	127.496.442	65.964.970	102.670.556	57.636.238
Samtölur	933.445.690	890.178.492	1.138.334.189	1.049.099.790

Heimild: Ríkisendurskoðun

Tafla 16 sýnir fjölda kirkjugarða sem skiluðu ársreikningum og veltufjármuni samtals hjá þessum kirkjugörðum árin 2008 til 2011.

Eins og taflan sýnir er samtala veltufjármuna nokkuð mismunandi á milli þessara ára. Einnig er samtala fyrir flokka mismunandi á milli ára. Þar sem mismunandi var


hvernig kirkjugarðarnir skiluðu ársreikningum á milli ára er erfitt að notast við töfluna til að álykta um þróun þessara mála árin 2008 til 2011.

FRAMLÖG RÍKISINS TIL KIRKJUGARÐA 2004 TIL 2012

Í samningi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og kirkjugarðaráðs frá 2005, grein 3, kemur fram að ríkið getur einhliða gert breytingar á viðmiðunarverðum ef ástand ríkisfjármála útheimti. Sú staða kom upp árið 2009 og var þá gerð krafa um lækkun viðmiðunareiningarverða, og þar með í raun aftengingu við reikniforsendur líkansins.

Gerður var samanburður á raunframlögum samkvæmt fjárlögum og framlögum þeim er hefðu átt að verða ef forsendum reiknilíkans hefði verið fylgt. Niðurstöður þess samanburðar sjást á mynd 1 hér að neðan og eru sundurliðaðar í fylgiskjali 7.

Mynd 1: Framlög ríkisins til kirkjugarða samkvæmt fjárlögum og hvernig þau hefðu átt að vera samkvæmt forsendum reiknilíkans í samningi frá 2005



Heimild: Kirkjugarðasamband Íslands

Á myndinni má sjá að umtalsvert misgengi hefur orðið á milli raunframlaga og reiknaðra framlaga samkvæmt forsendum þeim er settar voru upp í samningnum árið 2005.

Við samanburðinn var notast við reiknireglu/-líkan sem fjármálaráðuneytið setur upp. Það reiknilíkan er grundvöllur fjárveitinga, utanumhalds og forsendna þeirra er samningur kirkjugarðanna og ríkisins er grundaður á.

Tafla 17: Forsendur og útreikningur fjármálaráðuneytisins

Forsendur og útreikningur fjármálaráðuneytis												
Tafla fengin úr skjali "HLH Kirkjugarðsframlag-2012C.xlsx", ummál af Nokkru Sigurðsyrni Fjármálaráðuneytinu.												
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	
Nýjar reiknivörðunir framlags												
Reiknað flatarmál svæða í umhúðu í árslok	1.229.385 m ²	1.242.657 m ²	1.255.949 m ²	1.268.938 m ²	1.282.081 m ²	1.295.255 m ²	1.309.000 m ²	1.322.812 m ²	1.336.627 m ²	1.350.288 m ²	1.350.288 m ²	1.364.159 m ²
Stækking flatarmáls á árinu (%)	1,033%	1,080%	1,070%	1,034%	1,036%	1,028%	1,061%	1,055%	1,044%	1,022%	1,022%	1,027%
Fjöldi látinna á árinu	1.821	1.826	1.823	1.858	1.860	1.942	1.986	2.002	2.017	2.048	2.048	2.073
Þ.a. grafartökur	1.550	1.552	1.508	1.523	1.527	1.593	1.593	1.590	1.564	1.588	1.588	1.607
Þ.a. líkbrennskur	271	274	315	335	333	349	393	412	453	460	460	466
Fjöldun látinna (%)	5,57%	0,27%	-0,16%	1,92%	0,11%	4,41%	2,27%	0,81%	0,73%	1,56%	1,56%	1,19%
Launahækkun SPR				4,00%	6,22%	5,77%	11,67%	1,54%	1,54%	0,00%	4,81%	4,14%
Launahækkun Starfsgreinasambandsins				5,92%	5,23%	4,85%	16,51%	8,14%	7,63%	0,00%	6,15%	5,31%
Vegin hækkun launa				5,82%	5,63%	5,38%	4,99%	15,79%	7,15%	6,72%	0,00%	5,93%
Verðhækkun annarra rekstrargalda				2,50%	3,50%	3,80%	3,00%	22,73%	5,00%	2,30%	3,90%	3,70%
Einingakostnaður vegna svæða í umhúðu			442,-	461,-	481,-	500,-	543,-	578,-	553,-	509,-	526,-	532,-
Einingakostnaður vegna grafartöku			78.828,-	82.258,-	83.904,-	89.165,-	96.829,-	103.234,-	98.622,-	90.870,-	93.863,-	95.027,-
Einingakostnaður vegna líkbrennsku			50.096,-	52.276,-	54.592,-	56.665,-	61.535,-	65.606,-	62.675,-	59.650,-	60.390,-	
Framlag vegna umhúðu			543.040.000,-	572.785.706,-	604.567.686,-	634.010.325,-	695.635.788,-	749.274.013,-	723.391.976,-	673.562.224,-	695.750.312,-	711.733.650,-
Framlag vegna grafartöku			122.184.000,-	127.664.904,-	129.542.705,-	133.798.371,-	147.857.747,-	164.452.280,-	157.104.423,-	144.482.589,-	149.242.049,-	148.621.901,-
Framlag vegna líkbrennsku			13.576.000,-	14.323.537,-	17.196.580,-	18.982.760,-	20.491.284,-	22.896.518,-	24.631.173,-	23.792.249,-	24.576.000,-	27.356.729,-
Framlag fjárlaga	641.631.480,-	678.800.000,-	714.800.000,-	751.300.000,-	788.800.000,-	864.000.000,-	936.600.000,-	905.100.000,-	841.800.000,-	869.600.000,-	888.000.000,-	
Reiknað framlag			678.800.000,-	714.774.147,-	751.306.970,-	788.791.456,-	863.984.819,-	936.622.811,-	905.127.572,-	841.837.062,-	869.568.361,-	887.712.280,-
Árleg aukning framlags			5,79%	5,30%	5,11%	4,99%	9,53%	8,40%	-3,36%	-6,99%	-3,92%	2,12%

Heimild: Kirkjugarðasamband Íslands

Tafla 17 sýnir forsendur þær er liggja til grundvallar útreikningum fjármálaráðuneytis og uppreikningi þeim er gerður var við vinnslu þessa verkefnis.

KOSTNAÐARMAT VEGNA EINSTAKRA REKSTRARHLUTA

Hér á eftir verður reynt að nálgast raunkostnað við einstaka verkliði og rekstrarþætti sem til falla innan kirkjugarðs. Aðferðafræðin, sem notuð var, er sambland af verðútreikningi á jarðvinnu og hirðingu, rauntölur úr ársreikningum og óformlegar verðkannanir meðal fagmanna á markaði.

Fyrirvari er settur við það að aðstæður og forsendur eru misjafnar eftir kirkjugörðum.

Grafartaka með aðkeyptri vinnu

Hvað grafartöku áhrærir þá er ljóst að aðstæður og forsendur eru ólíkar eftir legu og gerð garða, fjarlægð frá þækistöð verktaka og margs annars. Því er erfitt að finna eitt verð sem á alls staðar við.

Farin var sú leið að setja saman nokkur líkön sem taka á flestum þáttum sem komu upp í hugann. Í þeim öllum er reiknað með að gröf sé tekin að sumarlagi eða í góðri tíð og ófrosnum jarðvegi, grafarbakkar standi vel, aðkoma sé sæmilega auðveld og ekki þurfi að fódra gröf að innan vegna hruns. Líkönin skiptast í gröf þar sem uppmokstur er fjarlægður og fluttur til baka á legstaðinn að jarðarför lokinni, gröf þar sem uppgreftri er mokað á bakka og handgrafinni gröf, mokað á bakka. Þessum flokkum er svo skipt í garð í dreifbýli í um það bil klukkustundar fjarlægð frá starfstöð verktaka og garð í þéttbýli þar sem ferða- og flutningskostnaður er lítill.

Kostnaðarliðir, sem ekki eru í þessum líkönum, eru snjómokstur á aðkomu að gröf og á grafarsvæði, fleygun á frosnum jarðvegi og fódrun grafar ef þarf. Verð eru reiknuð út frá þeirri forsendu að aðkeyptur verktaki sjái um verkið, ferðatími sé greiddur, flutningur á vél og sanngjarn biðtími vélar. Rökræða má um hvort biðtími vélar skuli greiddast, en ljóst er að ef hann er ekki greiddur þá þarf að hugsa gjaldið út frá verri nýtingu vélarinnar og yrði niðurstaðan því ekki ýkja ólík.

Eftir að hafa skoðað rauntölur kirkjugarða, hvað varðar kostnað við grafartöku, þá virðist reglan oft vera að grafarverð sé í raun miðað við það fjármagn sem til verkefnisins er veitt en ekki miðað við raunkostnað á aðkeyptri vinnu. Þetta á

sérstaklega við um sveitagarða, þar er oftast en ekki er grafið án kröfu um greiðslu eða langt undir kostnaðarverði. Vandséð er að ekki eigi að greiða þar fullt grafarverð þótt vinir eða ættingjar grafi.

Benda má á að samkvæmt framreikningi á meðaleiningaverðum þeim, er lögð voru til grundvallar samningi kirkjugarðaráðs og ríkis, sem rætt er um annars staðar í skýrslu þessari, þá á sá framreikningur ágætlega við einingaverð á grafarkostnaði garðs í þéttbýli.

Hér að neðan eru umræddum líkönum þannig raðað að öðrum megin er grafarkostnaður miðað við aðkeypta þjónustu við grafartöku í dreifbýli og hinum megin grafarkostnaður í þéttbýli. Meginmunur á kostnaði fellst í ferðakostnaði, flutningi og því að vél þarf að bíða eða flytja þarf hana í burtu á milli grafartöku og endurfyllingar. Innifalið er allt sem þarf til verksins þ.m.t. virðisaukaskattur og prestsþjónusta.

Tafla 18: Áætlaður kostnaður við grafartöku í sveitagarði og garði í þéttbýli

Kostnaður við grafartöku í sveitargarði				Kostnaður við grafartöku í garði í þéttbýli			
Garður þar sem ráða þarf verktaka í verkefnið, flytja vélar og starfsmenn innan við 40 km og fjarlegja efni af grafarbakka. Verð innifelur ferðir til og frá og annað það er fylgir. Reiknað er með auðgröfnu efni og að bakkar standi vél (þarfnist ekki fóðrunar).				Garður þar sem ráða þarf verktaka í verkefnið, flytja vélar og starfsmenn innanbæjar og fjarlegja efni af grafarbakka. Verð innifelur ferðir til og frá og annað það er fylgir. Reiknað er með auðgröfnu efni og að bakkar standi vél (þarfnist ekki fóðrunar).			
Grafartaka	Magn	Ein.verð	Samtals	Grafartaka	Magn	Ein.verð	Samtals
Gröftur á gröf				Gröftur á gröf			
Flutningur á vél	1 stk	24.651,-	24.651,-	Flutningur á vél	0,5 stk	24.651,-	12.325,-
Vélavinna 5t beltavél	3 klst	9.789,-	29.367,-	Vélavinna 5t beltavél	2 klst	9.789,-	19.578,-
Vélamaður dagvinnna	4 klst	5.097,-	20.386,-	Vélamaður dagvinnna	2,5 klst	5.097,-	12.741,-
Vél með vagni/lítill vörubíll	4 klst	8.158,-	32.630,-	Vél með vagni/lítill vörubíll	2 klst	8.534,-	17.068,-
Vélamaður dagvinnna	4 klst	5.097,-	20.386,-	Vélamaður dagvinnna	2,5 klst	5.097,-	12.741,-
Endurfylling				Endurfylling			
Vélavinna 5t beltavél	1 klst	8.534,-	8.534,-	Vélavinna 5t beltavél	1 klst	8.534,-	8.534,-
Vélamaður dagvinnna	2 klst	5.097,-	10.193,-	Vélamaður dagvinnna	1,5 klst	5.097,-	7.645,-
Vél með vagni/lítill vörubíll	2 klst	8.158,-	16.315,-	Vél með vagni/lítill vörubíll	1 klst	8.158,-	8.158,-
Vélamaður dagvinnna	2 klst	5.097,-	10.193,-	Vélamaður dagvinnna	1,5 klst	5.097,-	7.645,-
Prestþjónusta	heild	21.000,-	21.000,-	Prestþjónusta	heild	21.000,-	21.000,-
Umsjón, utanumhald og frágangur	15 %		25.898,-	Umsjón, utanumhald og frágangur	15 %		15.965,-
			Alls grafarkostnaður				219.554,-
							Alls grafarkostnaður
							143.401,-
Kostnaður við grafartöku í sveitargarði				Kostnaður við grafartöku í garði í þéttbýli			
Garður þar sem ráða þarf verktaka í verkefnið, flytja vélar og starfsmenn innan við 40 km og hægt sé að moka efni á bakka grafar. Reiknað er með auðgröfnu efni og að bakkar standi vél (þarfnist ekki fóðrunar).				Garður þar sem ráða þarf verktaka í verkefnið, flytja vélar og starfsmenn innanbæjar og hægt sé að moka efni á bakka grafar. Reiknað er með auðgröfnu efni og að bakkar standi vél (þarfnist ekki fóðrunar).			
Grafartaka	Magn	Ein.verð	Samtals	Grafartaka	Magn	Ein.verð	Samtals
Gröftur á gröf				Gröftur á gröf			
Flutningur á vél	1 stk	24.651,-	24.651,-	Flutningur á vél	0,5 stk	24.651,-	12.325,-
Vélavinna 5t beltavél	3 klst	9.789,-	29.367,-	Vélavinna 5t beltavél	2 klst	9.789,-	19.578,-
Vélamaður dagvinnna	4 klst	5.097,-	20.386,-	Vélamaður dagvinnna	2 klst	5.097,-	10.193,-
Aðstoðarmaður	4 klst	4.549,-	18.198,-	Aðstoðarmaður	2 klst	4.549,-	9.099,-
Endurfylling				Endurfylling			
Vélavinna 5t beltavél	2 klst	8.534,-	17.068,-	Vélavinna 5t beltavél	1 klst	8.534,-	8.534,-
Vélamaður dagvinnna	2 klst	5.097,-	10.193,-	Vélamaður dagvinnna	1,5 klst	5.097,-	7.645,-
Aðstoðarmaður	2 klst	4.549,-	9.099,-	Aðstoðarmaður	1,5 klst	4.549,-	6.824,-
Prestþjónusta	heild	21.000,-	21.000,-	Prestþjónusta	heild	21.000,-	21.000,-
Umsjón, utanumhald og frágangur	15 %		19.344,-	Umsjón, utanumhald og frágangur	15 %		11.130,-
			Alls grafarkostnaður				169.305,-
							Alls grafarkostnaður
							106.328,-

Kostnaður við grafartöku í sveitgarði

Garður þar sem gröf er handgráfin, starfsmenn fluttir ca 1 klst akstur og efni er mokað á bakka grafar. Reiknað er með auðgröfmu efni og að bakkar standi vel


Grafartaka	Magn	Ein.verð	Samtals
Gröftr á gröf			
Grafarmenn (2 menn x 5 klst)	10 klst	4.549,-	45.494,-
Endurfylling grafar			
Grafarmenn (2 menn x 3 klst)	6 klst	4.549,-	27.296,-
Umsjón, utanumhald og frágangur	15 %		10.919,-
Alls grafarkostnaður			83.709,-

Kostnaður við grafartöku í garði í þéttbýli

Garður þar sem gröf er handgráfin, starfsmenn fluttir innanbæjar og efni er mokað á bakka grafar. Reiknað er með auðgröfmu efni og að bakkar standi vel (þarfnist ekki)

Grafartaka	Magn	Ein.verð	Samtals
Gröftr á gröf			
Grafarmenn (2 menn x 4 klst)	8 klst	4.549,-	36.395,-
Endurfylling grafar			
Grafarmenn (2 menn x 2 klst)	4 klst	4.549,-	18.198,-
Umsjón, utanumhald og frágangur	15 %		8.189,-
Alls grafarkostnaður			62.781,-

Mynd 2: Einingaverð sem greitt var vegna grafartöku og prestsþjónustu 2010 og 2011. Skipt eftir flokkum kirkjugarða



Heimild: Kirkjugarðasamband Íslands

Mynd 2 sýnir þau einingaverð sem greidd voru til kirkjugarða vegna grafartöku eftir flokkaskiptingu þeirra árin 2010 og 2011. Vegna niðurskurðar lækkuðu einingaverðin á árinu 2011 frá því sem þau voru árið 2010. Einingaverðin eru einnig fyrir greiðslu til presta vegna prestsþjónustu við jarðarfari. Þannig að af þessum verðum drógust 20.720 kr. vegna prestsþjónustu í þéttbýli og 23.866 kr. vegna dreifbýlis. Þessar greiðslur lækkuðu ekki á milli árunna þó einingaverðin hafi lækkað.

Það vekur athygli að mesta skerðingin skuli verða á gördum þar sem rök hníga frekar að því að kostnaður vegna grafartöku sé hvað mestur. En minni skerðing er hjá þeim gördum sem ættu að njóta stærðarhagkvæmni, fleiri grafartökur á hverju ári og þar með mesta aukning í flatarmáli grafarsvæða.

Einnig sýnir myndin hvað grafartöku varðar að í reynd er um þrjá flokka að ræða, þ.e. þrenns konar mismunandi verð, og svo greiðslur til duftgarða, sem er þá fjórði flokkurinn.

Grafartaka með eigin vinnuafli og vélum kirkjugarðs

Stærri kirkjugarðar eru með eigin vélaútgærd og starfsmenn sem annast grafartöku og önnur störf er til falla innan garða. Erfitt er að átta sig á raunkostnaði þeirra garða við grafartökuna sérstaklega þar sem ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi gögnum hve stór hluti ársnotkunar tækja tilheyrir grafartöku og hve stór hluti launakostnaðar, skrifstofuhalds og húsnæðiskostnaðar fellur til vegna þessa þáttar. Þó má draga þá ályktun af ársreikningum og svörum sem bárust frá kirkjugörðum að grafarkostnaður þeirra garða, sem reka eigin véladeildir, sé lægri á hverja gröf en sá kostnaður sem tilgreindur er hér að framan, sjá töflu 18, og miðaður er við aðkeypta vinnu. Það skýrist af mörgu, og má þar nefna að starfsmenn kirkjugarðs eru ætíð til taks, þurfa

lítið að ferðast og eru fljótir til annarra verka þannig að véla- og starfsmannanýting ætti að vera mun betri en ella. Einnig skiptir þar einhverju að starfsmenn kirkjugarðs ættu vegna æfingar að vera fljótari að grafa og ganga frá, tæki oft hentugri og svo framvegis. En á móti kann að koma að þjónustustig þeirra garða, er reka eigin véladeildir, er yfirleitt hærra en þeirra garða er reiða sig á aðkeypta verktakavinnu.

Hirðing grafarsvæða

Við núverandi úthlutunaraðferð á framlögum til kirkjugarða hefur verið fundið út fermetraferð sem standa skal undir öllum kostnaði við rekstur garðs og grafartöku, þ.e. kostnaður við umhirðu, sbr. hér að framan.

Tafla 19: Sundurliðun á framlagi ríkisins árið 2011 í grafar- og umhirðukostnaði og hluta kirkjugarðasjóðs og hvernig framlagið skiptist á milli flokka.

Sundurliðun á grafar- og umhirðukostnaði											
Flokkur garða	Fjöldi garða	Gjaldendur	Reiknað		Flatarmál 2011	Grafir ársins	Grafar kostnaður	Hirðing	Samtala	Kirkjug.sj.	
			flatarmál 2003	Reiknuð viðbót						8,5%	Samtala
1	77	2.022	85.416	162	85.578	17	1.407.882	12.516.398	13.924.279	1.183.564	12.740.716
2	62	4.369	92.159	378	92.537	37	3.042.055	13.534.201	16.576.257	1.408.982	15.167.275
3	46	6.434	93.654	401	94.055	55	4.479.877	20.463.996	24.943.873	2.120.229	22.823.644
4	31	9.542	83.817	434	84.251	82	6.074.429	29.787.701	35.862.130	3.048.281	32.813.849
5	14	9.624	65.721	442	66.163	82	6.126.630	32.389.650	38.516.281	3.273.884	35.242.397
6	11	14.619	54.057	662	54.719	125	9.306.443	32.560.869	41.867.312	3.558.722	38.308.590
7	8	23.262	96.152	1.345	97.497	178	13.283.569	58.016.174	71.299.744	6.060.478	65.239.265
8	2	12.692	42.752	878	43.630	114	8.486.867	31.154.752	39.641.618	3.369.538	36.272.081
9	2	27.457	141.550	2.250	143.800	234	15.678.369	102.682.862	118.361.231	10.060.705	108.300.527
10	1	64.158	462.605	6.413	469.018	660	44.221.041	334.910.366	379.131.408	32.226.170	346.905.238
11	2	46.174	9.802	626	10.428	475	47.162.574	7.835.931	54.998.505	4.674.873	50.323.632
256	220.353	1.227.685	13.991	1.241.676	2.060	159.269.737	675.852.900	835.122.637	70.985.424	764.137.213	

Fengjó úr skjalinu "YFIRLIT TIL ENDURSK FYRIR 2011.xlsx"

Heimild: Kirkjugarðasamband Íslands

Tafla 19 sýnir skiptingu á framlagi ríkisins vegna ársins 2011 á milli garðflokka og á milli grafar- og umhirðukostnaðar og til kirkjugarðasjóðs. Þar kemur fram flatarmál garða 2003, reiknuð stækkun til ársins 2011, fjöldi tekinn grafa og fjárhagsleg skipting milli grafarkostnaðar og hirðingar.

Reiknað var meðalverð á grafartöku og umhirðu fermetra og sést þá að stóru garðarnir fá langhæsta verðið, sem skýrist af því að umrætt einingaverð er í raun nýtt til að greiða allan rekstrarkostnað sem fellur utan grafartöku.

Tafla 20: Reiknað meðalverð á garðflokki

Reiknað meðalverð á garðflokka					
Flokkur garða	Fjöldi garða	Gjaldendur	Fjöldi		Meðalv. pr. hirtan fermetur
			gjaldendur a pr garð	Meðalverð pr gröf	
1	77	2.022	26	82.816,59 kr.	146,3
2	62	4.369	70	82.217,70 kr.	146,3
3	46	6.434	140	81.452,31 kr.	217,6
4	31	9.542	308	74.078,40 kr.	353,6
5	14	9.624	687	74.715,00 kr.	489,5
6	11	14.619	1.329	74.451,54 kr.	595,1
7	8	23.262	2.908	74.626,79 kr.	595,1
8	2	12.692	6.346	74.446,20 kr.	714,1
9	2	27.457	13.729	67.001,58 kr.	714,1
10	1	64.158	64.158	67.001,58 kr.	714,1
11	2	46.174	23.087	99.289,63 kr.	751,4
256	220.353			77.315,41 kr.	550,5

Reiknað af EP

Meðalverð vegna hirðingar í garðflokki eitt er kr. 146,3 og meðal fermetrafjöldi reiknast 1.111 m² sem gerir kr. 162.539 fyrir alla hirðingu garðsins á einu ári. Ef skoðaðar eru sömu forsendur fyrir garð í flokki 4 þá er meðalverð vegna hirðingar kr. 353,6 og meðalstærð 2.717 m² sem gerir kr. 960.731 krónur fyrir hirðingu.

Í óformlegri könnun, sem gerð var meðal verktaka sem sinna viðhaldi lóða og

hirðingu, kom fram að lágmarksverð fyrir þá vinnu væri nálægt 75 kr. á m² fyrir hverja hirðingu. Þeir sem talað var við töldu að verð ætti að hækka eftir því sem garðar væru minni og álag kæmi fyrir garða sem væru erfiðir í hirðingu. Þó ekki sé hægt að tala um eitt klárt verð vegna ólíkra aðstæðna, stærðar og forsendna þá var mjög algengt í þessari óformlegu könnun að nefnd væri tala nálægt 100 kr. á m² fyrir hverja hirðingu.

Það verkefni að greina betur raunkostnað við hirðingu garða þarfnast meiri vinnu og betri upplýsinga. En þó er ljóst að ákveðnir gallar eru því tengdir að heimfæra allan rekstrarkostnað annan en grafartöku á fermetrastærð grafarsvæða og betra væri að brjóta verð upp og tengja einstökum raunliðum.

KOSTNAÐUR VIÐ UMHIRÐU KIRKJUGARÐA OG GRAFARTÖKU

Óskað var eftir upplýsingum frá rekstraraðilum kirkjugarða um kostnað við umhirðu og grafartöku. Svör bárust frá um 70 kirkjugörðum. Einnig var reynt að afla upplýsinga frá verktökum og sveitarfélögum um kostnað við umhirðu opinna svæða hjá sveitarfélögum. Á þeim svörum sem bárust er erfitt að byggja raunhæfar kostnaðartölur um umhirðu kirkjugarða og kostnað við grafartöku.

Segja má að upplýsingar frá forsvarsmönnum kirkjugarða hafi verið jafn mismunandi og fjöldi svara sem bárust. Samkvæmt svörunum er megin reglan í rekstri kirkjugarða að láta reksturinn ganga upp miðað við þær tekjur sem hver og einn garður fær. Í framkvæmd hefur það verið gert m.a. með sjálfboðavinnu, að verktakar hafa tekið að sér verk undir kostnaði og/eða að dregið hefur verið úr umhirðu.

Þeim fer fækkandi sem eru tilbúnir að taka að sér verk í sjálfboðavinnu og verktökum fækkar sem vinna verk undir kostnaði. Þannig má ætla að öllu óbreyttu að þetta muni koma niður á umhirðu kirkjugarða.

Einnig má spyrja þeirra spurningar hvaða réttlæti er í því að einn verktaki fái greiddar t.d. 120 þús. kr. fyrir að taka gröf þegar annar fyrir nákvæmlega sömu vinnu fær 60.000 kr. eða jafnvel lægri tölu.

Vegna þess hversu mismunandi svör bárust um greiðslur fyrir umhirðu kirkjugarða og grafartöku frá framangreindum aðilum var leitað eftir því við Eflu, verkfræðistofu, að hún setti fram áætlun um kostnað við grafartöku og umhirðu kirkjugarða, sjá fylgiskjal nr. 9. Eru þær upplýsingar til viðbótar við þær sem Elías Pétursson hefur tekið saman og birst hafa hér að framan.

Eins og kemur fram í áætlun Eflu og því sem Elías Pétursson hefur tekið saman má vera ljóst að raunkostnaður við grafartöku og umhirðu er hærri en nú er greitt til kirkjugarða vegna þessara verkefna.

Til að gera sér frekari grein fyrir fjárhagsvanda kirkjugarða eru hér sett upp dæmi um kostnað við rekstur kirkjugarða. Annars vegar eru sýndar rauntölur um greiðslur til viðkomandi kirkjugarðs á árinu 2012 og síðan áætlun um kostnað sem fulltrúar Kirkjugarðasambands Íslands settu upp. Kostnaðartölur eru í samræmi við framangreindar upplýsingar frá Eflu og Elíasi Péturssyni.

Tafla 21: Framlag til kirkjugarðsins að Búðum árið 2012 og áætlaður raunkostnaður við umhirðu og grafartöku

Búðir	Umhirðutekjur 2012:	208.473	Greftranir:	156.000	Samt.:	364.473
Kostnaðarliðir 1. og 2.	Flatarmál:	1525		einingafj.	einingaverð	upphæð
Áætlaður rekstrarkostnaður	Skýringar:					
Umhirðukostnaður	slegið tvísvar sínum um sumarið, skv. mati GRS			1525	130	198.250
Greftrunarkostnaður	Skv. útreikningi frá KGA			2	120.000	240.000
Annað viðhald	Snjómokstur og ýmsar lagfærngar			1525	53	80.825
Afskriftir húsnæðis	Skv. skýrslu 2003 uppfært með 2,33			0,25	78.642	19.661
Viðhald húsnæðis	Skv. skýrslu 2003 uppfært með 2,33			0,25	265.051	66.263
Rekstur húsnæis	Skv. skýrslu 2003 uppfært með 2,33			0,25	174.934	43.734
Bókhald og reikningsskil	Lágmarkskostnaður			1	23.301	23.301
Samtals:						672.033
						-45,77

Tafla 21 sýnir lögbundnar tekjur kirkjugarðsins á Búðum, sem er kirkjugarður í flokki 1, árið 2012 og áætlaðan kostnað við umhirðu garðsins og grafartöku miðað við þær upplýsingar sem skýrsluhöfundur hefur aflað um raunkostnað.

Eins og þarna kemur fram er áætlaður raunkostnaður við rekstur kirkjugarðsins á árinu 2012 672 þús. kr. en lögbundnar tekjur hans voru 364 þús. kr. eða fjárvöntun sem nemur 45,8%.

Tafla 22: Framlag til kirkjugarðsins í Ólafsvík árið 2012 og áætlaður raunkostnaður við umhirðu og grafartöku

Ólafsvík	Umhirðutekjur 2012:	2.028.393	Greftranir:	208.500	Samt.:	2.236.893
Kostnaðarliðir 5. fl.	Flatarmál:	4433		einingafj.	einingaverð	upphæð
Áætlaður rekstrarkostnaður	Skýringar:					
Umhirðukostnaður	slegið fimm sínum um sumarið, skv. mati GRS			4433	325	1.440.725
Greftrunarkostnaður	Skv. útreikningi frá KGA			3	120.000	360.000
Annað viðhald	Snjómokstur og ýmsar lagfærngar			4433	53	234.949
Afskriftir húsnæðis	Skv. skýrslu 2003 uppfært með 2,33			0,6	416.703	250.022
Viðhald húsnæðis	Skv. skýrslu 2003 uppfært með 2,33			0,6	687.560	412.536
Rekstur húsnæis	Skv. skýrslu 2003 uppfært með 2,33			0,6	487.543	292.526
Bókhald og reikningsskil	4,3% af veltu (utan greftrunarkostn.)			1	113.123	113.123
Nýframkvæmdir	Kostnaður við gróf kr. 25.630, uppfært skv. skýrslu 2003			3	25.630	76.890
Samtals:						3.180.770
						-29,67

Tafla 22 sýnir sömu upplýsingar og tafla 21 en nú fyrir kirkjugarðinn í Ólafsvík, sem er kirkjugarður í flokki 5. Hér er fjárvöntunin miðað við framangreindar forsendur um 30%.

Þannig væri hægt að taka fleiri kirkjugarða sem dæmi um rekstravanda þeirra. Það er mat skýrsluhöfundar, að ef haldið verði áfram á þessari braut muni það leiða til þess að umhirða kirkjugarða fari versnandi verði ekkert að gert.

YFIRSTJÓRN KIRKJUGARÐA

Eins og komið hefur fram hér að framan eru brögð að því að fjármálum kirkjunnar og kirkjugarða sé ruglað saman. Líklega er hluti af skýringunni hvernig lögin tvinna stjórn kirkna og kirkjugarða saman. Í 8. og 9. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er kveðið á um þessi mál og hljóða ákvæðin svo:

8. gr. Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófests (í Reykjavík prófesta) og biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundum, sbr. 9. gr., hefur á hendi umsjón og

fjárhald kirkjugarðs samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Er hún hér eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

9. gr. Nú hafa tvær eða fleiri sóknir sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann úr hópi aðalmanna og varamanna í nefndinni í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn, svo og varamann með sama hætti. [Skráðum trúfélögum]¹⁾ með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi er heimilt að kjósa einn mann úr sínum hópi og annan til vara í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn. Bálfararfélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma. Prófastur situr fundi kirkjugarðsstjórnar og hefur atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn eða tilnefnir ella varamann í sinn stað. Prófastar Reykjavíkurprófastsdæma sitja fundi til skiptis sitt árið hvor og eru varamenn hvor fyrir annan.

Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir að því er til kirkjugarða tekur.

Eins og löggin kveða á um hefur sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi umsjón með fjárhaldi kirkjugarða. Þannig getur sóknarnefnd jafnframt verið kirkjugarðsstjórn.

Um þessi lagaákvæði segir eftirfarandi í Skýrslu um fjármál kirkjugarða, mars 2003, á bls. 5:

Það fer ekki á milli mála að lög um kirkjugarða kveða á um að yfirstjórn þeirra sé í höndum prófasta og biskups en daglega stjórn hafa sóknarnefndir á höndum eða sérstakar kirkjugarðsstjórnir, sem koma úr hópi sóknarnefndarmanna og safnaðarstjórna. Málefni kirkjugarða hafa þar af leiðandi verið hluti þeirra verkefna sem sóknarnefndir hafa á sínu borði. Í hugum margra er lítill greinarmunur gerður á málefnum kirkjunnar og kirkjugarða. Þarna er þó skýr munur, þar sem kirkjugarðar lúta sérstökum lögum og eru þágu allra landsmanna hvort sem þeir tilheyra trúfélagi eður ei. Hugtakið/nafnið kirkjugarður er kannski hluti skýringar á þessum óljósa mun, e.t.v. væri "grafreitur" skýrara nafn. Þessi óljósi munur í hugum sumra sóknarnefndarmanna á lögbundnum verkefnum sókna a.v. og lögbundnum verkefnum kirkjugarða h.v. hefur haft þau áhrif að aðskildum tekjum þessara málaflokka hefur verið blandað saman í ríkara mæli en æskilegt getur talist. Þessi óljósa meðferð fjármála hefur einnig haft þau neikvæðu áhrif að kostnaður hvorrar rekstrareiningar fyrir sig hafi verið óljós og ekki hafa verið gerðar raunhæfar fjárhagsáætlanir. Aftur á móti má segja að leikreglurnar hafi ekki verið nógu skýrar í lögum um kirkjugarða, því vissulega þarf sjóður kirkjugarðs á hverjum stað að greiða ákveðinn kostnað af rekstri sóknarkirkju sem öðrum þræði er útfararkirkja.

Líklega eiga þessi orð við enn í dag, a.m.k. að hluta til.

Á nokkrum stöðum hafa kirkjugarðsstjórnir fyrir nokkra kirkjugarða verið sameinaðar í eina stjórn. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum Kirkjugarðasambands Íslands hefur reynsla af því verið góð.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA EHF

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) eiga Útfararstofu kirkjugarðanna ehf. (ÚSK) og reka hana sem sjálfstætt fyrirtæki eins og lög nr. 36/1993 kveða á um. Í 21. gr. laganna segir m.a. eftirfarandi: Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögbodnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

ÚSK er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

ÚSK annast útfarir frá Fossvogskirkjugarði og öðrum kirkjum í Reykjavík og nágrennasveitarfélögunum. Auk þess selur hún kistur, krossa og tilheyrandi búnað ásamt því að annast uppsetningu og fjölföldun á sálmaskráum.

Allt eru þetta hefðbundin verkefni útfararstofa eins og þær eru reknar á Íslandi.

Auk þessa hafa útfarastofur á höfuðborgarsvæðinu annast flutning á líkum t.d. frá sjúkrahúsi í líkhús. Fyrir það er viðkomandi dánarbú eða aðstandendur reikningsfærðir.

ÚSK hefur síðan eins og aðrar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu notast við líkhús KGRP í Fossvogi til líkgeymslu og frágangs á líki í kistu allt án endurgjalds.

Hefur ÚSK aðgang að athafarými KGRP í Fossvogi eins og aðrar útfararstofur gegn vægu gjaldi, sbr. hér að framan.

Þannig hefur ÚSK eingöngu sjálf skrifstofuástöðu, bifreiðar fyrir reksturinn og lagergeymslu eins og aðrar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu að undanskilinni einni sem rekur einnig líkgeymslu. Útfararstofan fær afnot af öllu öðru húsnæði hjá KGRP, eins og líkhúsinu, án endurgjalds og athafnarými gegn vægu gjaldi. Sama gildir fyrir aðrar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og komið hefur fram hér að framan er rekstur líkhúss ekki lögbundið verkefni.

Samkvæmt ársreikningi ÚSK var hagnaður af rekstri ÚSK fyrir fjármagnsliði og skatta árið 2011 32 millj. kr., eða 13,9% af tekjum, og 25 millj. kr. árið 2010, eða 12,4% af tekjum. Að teknu tilliti til fjármagnsliða og skatta var hagnaðurinn 23,6 millj. kr. árið 2011 og 18,4 millj. kr. árið 2010.

Þar sem félagið er 100% í eigu KGRP kemur framangreind afkoma ÚSK fram í ársreikningi KGRP. Vegna þess var heildarafkoma KGRP betri árin 2010 og 2011 sem nemur tekjuafgangi ÚSK og því sýnir ársreikningur KGRP 23,6 millj. kr. betri afkomu árið 2011 en varð af eiginlegum rekstri kirkjugarðanna og 18,4 millj. kr. vegna ársins 2010, sbr. hér að framan.

Á árinu 2011 greiddi ÚSK arð til KGRP að upphæð 15,5 millj. kr. vegna ársins 2010 og árið 2010 15,0 millj. kr. vegna ársins 2009.

Ætla má að ÚSK miðað við markaðshlut hennar sé nokkuð leiðandi á markaðnum hvaða verðlagningu útfararstofa varðar. Ætla má að með arðgreiðslum til KGRP sé útfararstofan óbeint að greiða fyrir þá þjónustu sem hún fær í líkhúsi KGRP, a.m.k. þegar halli er á rekstri KGRP. Spurt er hvort gjaldskrá ÚSK myndi lækka kæmi beint framlag frá ríkinu vegna reksturs líkhúsa, ef ekki hvort gjaldskráin myndi lækka ef allar útfararstofur sem nýta sér líkhús greiddu fyrir það ákveðið gjald. Að minnsta kosti mætti ætla, ef t.d. rekstur KGRP stæði undir sér með framlögum frá ríkinu og þjónustugjöldum, gæti það leitt til lækkunar á þjónustugjöldum ÚSK að mati skýrsluhöfundar.

Tillögur

Eftir yfirferð á fjármálum kirkjugarða er það mat skýrsluhöfundar að framlög til kirkjugarða dugi ekki til að standa undir rekstri þeirra í heild sinni miðað við síðustu ár. Jafnframt virðist sem svo að misvægi sé í framlögum til kirkjugarða eftir flokkun þeirra og jafnvel innan hvers flokks. Til að auka skilning fjárveitingavaldsins á þessum vanda er það mat skýrsluhöfundar að taka þurfi á nokkrum atriðum í málefnum og fjármálum kirkjugarða og endurskoða þau. Verði það ekki gert er hætta á að ekki muni takast í náinni framtíð að leysa þann ágreining sem er á milli fjárveitingavaldsins og forsvarsmanna kirkjugarða um fjárframlög til garðanna.

Með þetta að leiðarljósi eru eftirfarandi tillögur settar fram.

1. SKIPAN NEFNDAR

Lagt er til að skipuð verði fimm manna nefnd sem fari yfir fjárveitingar til kirkjugarða og beri fjárveitingarnar saman við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða. Nefndin skili síðan tillögum um hvernig tekist verði á við fjárhagsvanda kirkjugarða.

Nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum frá Kirkjugarðasamandi Íslands, einum frá innanríkisráðuneytinu og einum frá fjármálaráðuneytinu. Innanríkisráðuneytið og stjórn Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndi sameiginlega oddamann. Nefndin skili álit og tillögum fyrir afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 2014.

Til að leysa þann ágreining, sem verið hefur um árleg framlög skv. fjárlögum til kirkjugarða, er hér lagt til að skipuð verði nefnd sem fari yfir þessi mál. Nefndin skili tillögum sínu fyrir afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 2014.

Oddamaður í nefndinni verði skipaður sameiginlega af innanríkisráðuneytinu og Kirkjugarðasambandi Íslands.

2. FLOKKASKIPTING KIRKJUGARÐA

Lagt er til að skipting kirkjugarða í flokka, sem framlög til kirkjugarða byggja á, verði endurskoðuð. Kannað verði hvort til greina komi að fjárveiting til hvers kirkjugarðs miðist við áætlun um fjárþörf hvers kirkjugarðs fyrir sig miðað við ákveðið þjónustustig.

Hér er lagt til að flokkaskiptingin verði endurskoðuð. Hér er ekki endilega verið að leggja til að horfið verði frá þeirri meginreglu við skiptingu framlaga til kirkjugarða sem verið hefur. Hins vegar er rétt að skiptingin verði metin á nýjan leik þar sem misvægi virðist vera á milli flokka og jafnvel innan sama flokks a.m.k. miðað við ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2011.

Einnig er lagt til að skoðað verði að miða framlög til kirkjugarða við áætlaða fjárþörf hvers þeirra að gefnu ákveðnu þjónustustigi.

3. KOSTUN TÍMABILS FRÁ ANDLÁTI TIL GREFTRUNAR

Lagt er til að bundið verði í lög að ríkissjóður kosti tímabilið frá andláti til greftrunar miðað við ákveðna grunnþjónustu.

Mikilvægt verður að telja að bundið verði í lög hver eigi að standa undir þeim kostnaði sem til fellur á þessu tímabili. Kostnaður vegna þessa verði metinn árlega þannig að með hverjum látnum einstaklingi fylgi ákveðin upphæð eins og t.d. nú vegna kostnaðar við grafartöku. Kostnaðurinn nái yfir flutning á líki frá sjúkrahúsi í líkhús, kostnað í líkhúsi o.s.frv.

Eins og þetta er nú er kostnaður á flutningi t.d. frá sjúkrahúsi innheimtur af útfararstofum og kostaður af aðstandendum hins látna eða dánarbúi hans. Hefur svo verið um langt árabíl, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu.

Í þeim tilfellum þegar lík er geymt í fleiri en einu líkhúsi myndi þessi kostnaður deilast niður á viðkomandi líkhús eða geymslur.

Eins og komið hefur fram í þessari skýrslu kveða lög ekki á um það hver eigi að kosta þetta tímabil og hver hafi lagaskyldu til að sjá um þessa þjónustu. Hins vegar má ætla, miðað við framkvæmd þessara mála, þar sem hið opinbera og kirkjugarðar í flestum tilfellum hafa annast þetta og kostað að hluta eða að öllu leyti, að það sé ætlan og skilningur samfélagsins að þetta tímabil sé á ábyrgð og kostnað hins opinbera. Hér er lagt til að þetta verði viðurkennt með lagasetningu.

Jafnframt verði þetta liður í að leysa fjárhagsvanda kirkjugarða.

4. LÍKHÚS OG LÍKGEYMSLUR

Lagt er til að sett verði í lög kröfur um líkhús og líkgeymslur og hverjir megi reka líkhús og líkgeymslur.

Hér er lagt til að sett verði lög um það hvernig líkhús og líkgeymslur skuli vera úr garði gerð, staðsetning þeirra, kröfur um aðbúnað o.þ.h. Einnig verði tilgreint í lögum hverjir mega reka líkhús og líkgeymslur og hvaða kröfur eru gerðar til viðkomandi.

5. NÝ GRAFARSVÆÐI

Lagt er til að ný grafarsvæði verði gjaldfærð í ársreikningum kirkjugarða en ekki eignfærð eins og gert hefur verið.

Almennt í reikningsskilum eru eignir færðar á eignareikning ef þær skila tekjum eða eru seljanlegar. Hvorugt á við varðandi grafarsvæði. Ekki er heldur samhengi á milli þess sem fært er til afskriftar í bókhaldi kirkjugarða og þess kostnaðar sem fellur til vegna nýrra grafarsvæða. T.d. má benda á Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma þar sem kostnaður vegna nýrra grafarsvæða yfir ákveðið tímabil var mun meiri en bókhaldslegum afskriftum nam fyrir sama tímabil. Þetta skýrir m.a. hluta af fjárhagsvanda margra kirkjugarða.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að ný grafarsvæði verði færð til gjalda í rekstri kirkjugarða. Það mun einnig gefa réttari mynd af rekstri kirkjugarða og fjárþörf þeirra á hverjum tíma.

6. LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Lagt er til að óskað verði eftir því við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að hann taki yfir lífeyrissjóðsskuldbindingar kirkjugarða. Við yfirtökuna greiði viðkomandi kirkjugarðar uppreiknaðar lífeyrissjóðsskuldbindingar viðkomandi kirkjugarðs. Á þetta einkum við um Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Reynslan hefur sýnt að ráðamenn (ráðuneytin o.fl.) blanda lífeyrisskuldbindingum saman við sjóðseign garðanna eins og viðkomandi kirkjugarður hafi þessa fjármuni til ráðstöfunar fyrir rekstur garðsins. Einnig bæta fjármagnstekjur af þessari eign rekstrarafkomu viðkomandi kirkjugarðs sem gefur þar af leiðandi ekki rétta mynd af hinum eiginlega rekstri kirkjugarðsins. Takist samningar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um yfirtöku þessara skuldbindinga færi hún út úr efnahag viðkomandi kirkjugarðs, bæði hvað eignir og skuldir varðar.

Sem dæmi má nefna að eftirlaunaskuldbinding KGRP á móti Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) var 303,8 millj. kr., skv. ársreikningi KGRP vegna ársins 2011. Ljóst er að hér er um verulega fjármuni að ræða.

7. BANKAINNISTÆÐUR OG SJÓÐIR KIRKJUGARÐA

Lagt er til að þeir kirkjugarðar, sem eru með bankainnistæður og sjóði umfram það sem talist getur eðlilegt til reksturs eða fjárfestingar á allra næstu árum, skili því sem umfram er til kirkjugarðaráðs. Þessum fjármunum verði síðan ráðstafað til reksturs kirkjugarða almennt.

Einnig kæmi til greina, í stað þess að skila því sem umfram er, að rekstrarframlög til þessara kirkjugarða verði skert tímabundið samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Til að fullur skilningur fjárveitingavaldsins á rekstrarvanda kirkjugarða náist má ætla að ein af forsendum þess sé að bankainnistæður og sjóðir, sem kirkjugarðarnir eiga, verði notaðir til reksturs og/eða fjárfestinga eins og lög um kirkjugarða gera ráð fyrir varðandi framlög ríkisins til kirkjugarða.

Ætla má að þessi fjársöfnun hafi að einhverju leyti komið til vegna misvægis í úthlutun til kirkjugarða. Jafnvel má rekja það aftur til þeirra reglna sem giltu fyrir árið 2005. Eðlilegt verður að telja að hafi kirkjugarður fengið framlag umfram það sem þurft hefur til að sinna lögbundnum verkefnum sé því skilað eða rekstrarframlög til viðkomandi kirkjugarðs verði skert tímabundið.

Hafa ber í huga að bankainnistæður og sjóðir kirkjugarðanna í árslok 2011 voru 809 millj. kr. en framlag ríkisins á árinu 2011 til allra kirkjugarða var 842 millj. kr., samkvæmt fjárlögum.

8. UPPGJÖR Á MILLI KIRKNA OG KIRKJUGARÐA

Lagt er til að fram fari uppgjör vegna skulda á milli kirkna og kirkjugarða.

Leggja ber áherslu á að uppgjör fari fram á milli þeirra kirkna og kirkjugarða þar sem um skuldir er að ræða á milli kirkju og kirkjugarðs. Á hvorn veginn sem það er.

Gera má ráð fyrir að í sumum tilfella verði þetta erfitt. Í þeim tilfellum kæmi til greina

að gefið verði út skuldabréf til nokkurra ára.

Eins og komið hefur fram hér að framan skulda kirkjur kirkjugjörðum samtals 190 millj. kr. og kirkjugarðar skulda kirkjum samtals 68 millj. kr.

9. KIRKJUGARÐSSTJÓRNIR OG SÓKNARNEFNDIR

Lagt er til að unnið verði að því að sameina kirkjugarðsstjórnir a.m.k. innan prófastsdæma. Einnig að kirkjugarðsstjórn sé ekki jafnframt sóknarnefnd.

Ætla má að margt muni vinnast með því að sameina kirkjugarðsstjórnir þannig að hver kirkjugarðsstjórn annist fleiri en einn kirkjugarð, a.m.k. í dreifðum byggðum landsins. Með þessu fengist meiri yfirsýn, betri nýtingu á tólum og tækjum og jafnvel fengjust hagstæðari tilboð frá verkötikum vegna umfangs verkefna.

Einnig ber að leggja áherslu á að skilja að rekstur kirkjugarða og kirkna.

10. SKIL Á ÁRSREIKNINGUM KIRKJUGARÐA TIL RÍKISENDURSKOÐUNAR

Lagt er til að framlög af fjárlögum til kirkjugarða verði skilyrt því að ársreikningi viðkomandi kirkjugarðs sé árlega skilað til ríkisendurskoðunar innan tilsetts tíma eins og ber að gera.

Nokkuð vantar upp á að sumir kirkjugarðar standi skil á ársreikningum til ríkisendurskoðunar.

Tryggja þarf að ársreikningum fyrir alla kirkjugarða sé árlega skilað á tilsettum tíma til Ríkisendurskoðunar. Verði það ekki gert frestast greiðslur á framlögum til viðkomandi kirkjugarðs þar til úr hefur verið bætt.

Að sjálfsgöðu þarf að bregðast við undantekningar tilfellum varðandi framlög.

Með breytingum á uppsetningu ársreikninga kirkjugarða, eins og hér hefur verið lagt til, á að vera hægt að styðjast enn frekar við rekstrarafkomu kirkjugarða með yfirferð á ársreikningum þeirra. Skilyrði fyrir því er að ársreikningum fyrir alla kirkjugarða sé skilað.

11. GREIÐSLUR VEGNA GRAFARTÖKU TIL KIRKJUGARÐA Í FLOKKI 1 TIL 3

Lagt er til að skoðað verði að greiðslur vegna grafartöku verði miðlægar eins og fyrir prestsþjónustu fyrir kirkjugarða í flokki 1 til 3.

Í viðræðum við forsvarsmenn Kirkjugarðasambands Íslands hefur komið fram að hjá mörgum forsvarsmönnum smærri kirkjugarða komi upp vandamál varðandi greiðslur vegna grafartöku, hvað eigi að borga mikið o.s.frv. Einnig kom fram í svörum frá forsvarsmönnum þessara garða að mjög misjafnt væri hvað greitt væri fyrir þessa þjónustu, sumstaðar nánast ekki neitt. Það getur ekki talist eðlilegt að sumstaðar sé greitt fyrir grafartöku langt undir kostnaðarverði þegar annarstaðar er tekið að fullu fyrir hana. Með þessari tillögu er lagt til að reynt verði að bregðast við þessum vanda. Við ræddum þetta einnig í tengslum við grasumhirðu, þ.e. slátt, og var þá nefnt að viðkomandi garðar sendu inn tilkynningu til KGSÍ um slátt og yrði hann þá greiddur skv. taxa.

12. LAGFÆRINGAR OG/EÐA STÆKKUN KIRKJUGARÐA Í FLOKKI 1 TIL 3

Lagt er til að greiðslur vegna kirkjugarða í flokki 1 til 3 vegna lagfæringa og stækkunar kirkjugarðs fari fram í gegnum kirkjugarðasjóð.

Ljóst er að þegar ráðast þarf í framkvæmdir hjá minni kirkjugörðunum getur framkvæmdakostnaðurinn numið margföldu árlegu framlagi til kirkjugarðsins. Þetta getur reynst viðkomandi kirkjugarði erfitt. Sérstaklega getur þetta átt við hjá kirkjugörðum þar sem árlegt rekstrarframlag er upp á nokkur hundruð þúsund en síðan þarf að fara í framkvæmdir upp á nokkrar millj. kr.

Ljóst má vera að það ætti að vera auðveldara fyrir kirkjugarðasjóð að fara skipulega í slíkar framkvæmdir. Sjóðurinn gæti gert nokkurra ára framkvæmdaáætlun í þessu sambandi.

13. GREIÐSLUR VEGNA UMHIRÐU TIL KIRKJUGARÐA Í FLOKKI 1 TIL 3

Lagt er til, nái tillaga nr. 11 og 12 fram að ganga, að tilkynna þurfi til KGSÍ um að umhirða, grassláttur o.fl., hafi farið fram áður en framlag til viðkomandi kirkjugarðs er innt af henti.

Nái tillaga nr. 11 og 12 fram að ganga verða bein framlög til kirkjugarðsstjórna vegna kirkjugarða í flokki 1 til 3 eingöngu framlög til umhirðu, þ.e. segja vegna grassláttar og annarrar umhirðu.

Ekki er óeðlilegt að framlag vegna umhirðu kirkjugarðs sé háð því að hirðingin hafi farið fram en í örfáum tilfellum hafa verið vanefndir á því. T.d. gæti greiðsla verið háð því að tilkynning þurfi að berast til KGSÍ um að sláttur hafi fram og þá fari greiðsla fram. Þetta myndi gilda um kirkjugarða í flokki 1 til 3.

14. GJALDTAKA KIRKJUGARÐA

Lagt er til að löggjafinn taki á þeim deilumálum, sem upp hafa komið um hvað kirkjugarðar megi taki í gjald fyrir ýmis konar þjónustu sem þeir veita en er ekki lögboðin.

Á undanförunum árum hafa komið upp deilur vegna gjalda sem kirkjugarðar hafa tekið. Á þetta einkum við um stærri kirkjugarða. Hér er lagt til að í eitt skipti fyrir öll verði tekið á þessu deilumáli. Ákvörðun verði tekin um hvaða gjöld eigi að innheimta og það verði bundið með lögum, þannig að ekki þurfi að vera ágreiningur um þessi mál. Einkum hefur verið um að ræða ágreining um aðstöðugjald í athafnarýmum og í líkhúsi.

Lokaorð

Samkvæmt samkomulagi sem gert var um verkefnið, sem tekist er á við í þessari skýrslu, var gert ráð fyrir að skoða flokkaskiptingu kirkjugarða, einingaverð sem notuð eru við útreikning á framlögum ríkisins til kirkjugarða og hvort framlögin séu í samræmi við rekstrarútgjöld kirkjugarða.

Við vinnslu verkefnisins kom fram að ýmsir aðrir þættir hafa haft áhrif á fjárveitingar til kirkjugarða en ætlað var að skoða í upphafi, þar með taldir þættir er snúa beint að innri málum kirkjugarða. Með hliðsjón af því varð verkefnið umfangsmeira en upphaflega var ætlað og þær tillögur, sem settar eru fram í skýrslunni, taka á fleiri þáttum en samningurinn gerði ráð fyrir.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru m.a. að síðustu ár hafa framlög ríkisins ekki dugað til reksturs kirkjugarða. Einnig að í mörgum tilfellum er greitt fyrir þjónustu við kirkjugarða langt undir kostnaðarverði.

Uppsetning ársreikninga kirkjugarða hefur verið þannig að þeir gefa í sumum tilfellum ekki rétt mynd af fjárförf viðkomandi kirkjugarðs. Einnig hjá sumum kirkjugörðum hafa verið að safnast peningar, sem hlýtur að leiða til þeirra spurningar hvort viðkomandi kirkjugarður hafi á einhverjum tíma fengið ofgreitt.

Jafnframt virðist sem svo að framlög til kirkjugarða eftir flokkum komi mismunandi út miðað við afkomutölur þeirra skv. ársreikningum. Einnig er í sumum tilfella nokkur mismunur á afkomu kirkjugarða innan sama flokks.

Í skýrslu þessari er reynt að draga þessa þætti fram og lagðar fram tillögur til lausnar á þessum málum.

Vonast er til að með þeim tillögum, sem fram koma í skýrslunni, takist að leysa margra ára ágreining á milli forsvarsmanna Kirkjugarðasambands Íslands og fjárveitingavaldsins um rekstrarframlög til kirkjugarða.

Reykjavík, 29.4.2013,

Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur.

Fylgiskjöl

1. Afkoma kirkjugarða, flokkað eftir prófastsdæmum, samkvæmt ársreikningum 2011
2. Afkoma kirkjugarða, flokkað eftir garðflokkum, samkvæmt ársreikningum 2011
3. Eignir og skuldir kirkjugarða, flokkað eftir prófastsdæmum og kirkjugörðum, samkvæmt ársreikningum 2011
4. Kirkjugarðar – Inneign hjá kirkjum, skv. ársreikningum 2011
5. Bankainnistæður og sjóðir kirkjugarða, skv. ársreikningum 2011
6. Eignir og skuldir kirkjugarða, samkvæmt ársreikningi 2011 - eftir flokkum og kirkjugörðum
7. Forsendur og framreikningur miðað við samning KGSÍ árið 2005 við Fjármálaráðuneytið
8. Kirkjugarðar – rekstur og úthlutun
9. Kostnaðaráætlun vegna umhirðu gróðursvæða, Efla, verkfræðistofa

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir prófastsdæmum

Fylgiskjal 1

Prófastsdæmi - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
Kjalarnesprófastsdæmi				
Keflavíkurkirkjugarður	28.424.737	33.992.234	-5.567.497	-19,59%
Garðakirkjugarður	16.931.268	19.924.241	-2.992.973	-17,68%
Grindavíkurkirkjugarður	3.075.022	4.292.515	-1.217.493	-39,59%
Bessastaðakirkjugarður	2.702.173	3.044.098	-341.925	-12,65%
Lágafellskirkjugarður	10.027.943	10.095.312	-67.369	-0,67%
Brautarholtskirkjugarður	1.083.248	1.080.711	2.537	0,23%
Njarðvíkurkirkjugarður	5.317.279	5.226.856	90.423	1,70%
Reynivallakirkjugarður	597.967	324.953	273.014	45,66%
Kálfatjarnarkirkjugarður	1.602.493	1.176.613	425.880	26,58%
Útskálakirkjugarður	3.736.443	3.195.926	540.517	14,47%
Hafnarfjarðarkirkjugarður	77.001.053	61.352.475	15.648.578	20,32%
Kjalarnesprófastsdæmi Samtals	150.499.626	143.705.934	6.793.692	4,51%
Austurlandsprófastsdæmi				
Kolfreyjustaðarkirkjugarður Fáskrúðsfirði	3.862.924	7.117.957	-3.255.033	-84,26%
Egilsstaðakirkjugarður	4.450.716	6.205.066	-1.754.350	-39,42%
Eskifjarðarkirkjugarður	3.662.474	4.888.064	-1.225.590	-33,46%
Kirkjubæjarkirkjugarður	259.587	1.112.056	-852.469	-328,39%
Þingmúlakirkjugarður	378.528	1.069.047	-690.519	-182,42%
Eiðakirkjugarður	252.984	518.772	-265.788	-105,06%
Bakkagerðiskirkjugarður	1.710.649	1.885.729	-175.080	-10,23%
Skeggjastaðakirkjugarður	336.049	431.946	-95.897	-28,54%
Hjaltastaðakirkjugarður	184.752	149.009	35.743	19,35%
Hofskirkjugarður í Álftafirði	205.393	165.111	40.282	19,61%
Berufjarðarkirkjugarður	150.541	86.141	64.400	42,78%
Hofteigskirkjugarður	155.515	49.187	106.328	68,37%
Mjóafjarðarkirkjugarður	166.345	17.609	148.736	89,41%
Beruneskirkjugarður	250.244	85.924	164.320	65,66%
Áskirkjugarður	883.193	684.968	198.225	22,44%
Valþjófsstaðarkirkjugarður	510.413	283.507	226.906	44,46%
Reyðarfjarðarkirkjugarður	1.335.668	1.030.796	304.872	22,83%
Eiríksstaðakirkjugarður	2.631.289	2.308.900	322.389	12,25%
Vallarneskirkjugarður	633.143	291.153	341.990	54,01%
Stöðvarfjarðarkirkjugarður	901.812	547.267	354.545	39,31%
Djúpavogskirkjugarður	907.590	551.323	356.267	39,25%
Vopnafjarðarkirkjugarður	2.195.533	1.745.340	450.193	20,50%
Hofskirkjugarður	1.148.198	654.274	493.924	43,02%
Sleðbrjótskirkjugarður	690.595	16.201	674.394	97,65%
Seyðisfjarðarkirkjugarður	3.980.356	3.180.643	799.713	20,09%
Heydalakirkjugarður	1.659.855	483.395	1.176.460	70,88%
Norðfjarðarkirkjugarður	5.511.159	3.364.659	2.146.500	38,95%
Austurlandsprófastsdæmi Samtals	39.015.505	38.924.044	91.461	0,23%

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir prófastsdæmum

Fylgiskjal 1

Prófastsdæmi - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi				
Kirkjugarðar Laugalands	3.867.312	13.916.510	-10.049.198	-259,85%
Þóroddsstaðakirkjugarður	2.384.425	7.744.747	-5.360.322	-224,81%
Möðruvallasókn í Hörgárdal	2.255.758	5.232.879	-2.977.121	-131,98%
Ólafsfjarðarkirkjugarður	3.557.935	5.674.898	-2.116.963	-59,50%
Síglufjarðarkirkjugarður	7.526.270	8.758.974	-1.232.704	-16,38%
Dalvíkurkirkjugarður	6.191.414	7.296.094	-1.104.680	-17,84%
Svalbarðskirkjugarður Þistilfirði	1.510.226	2.327.062	-816.836	-54,09%
Húsavíkurkirkjugarður	8.936.709	9.622.197	-685.488	-7,67%
Grenjarstaðarkirkjugarður	1.499.245	1.583.228	-83.983	-5,60%
Skinnaðakirkjugarður	878.382	895.944	-17.562	-2,00%
Háls, Illugastaða og Draflastaðakirkjugarðar	592.299	595.162	-2.863	-0,48%
Einarsstaðakirkjugarður	513.166	505.791	7.375	1,44%
Reykjahlíðarkirkjugarður	740.709	726.903	13.806	1,86%
Víðihólskirkjugarður	51.450	253	51.197	99,51%
Þverárkirkjugarður	100.543	35.370	65.173	64,82%
Nesarkirkjugarður	449.718	376.565	73.153	16,27%
Ljósavatnaskirkjugarður	310.678	223.112	87.566	28,19%
Hríseyjarkirkjugarður	333.664	224.419	109.245	32,74%
Lundarbrekkukirkjugarður	322.771	207.861	114.910	35,60%
Miðgarðakirkjugarður	218.565	22.469	196.096	89,72%
Laufás- og Grenivíkurkirkjugarðar	1.665.216	1.420.745	244.471	14,68%
Snartarstaðakirkjugarður	335.910	86.885	249.025	74,13%
Sauðaneskirkjugarður Þórshöfn	1.872.207	1.013.436	858.771	45,87%
Stærra-Árskógskirkjugarður	1.700.405	712.602	987.803	58,09%
Akureyrarkirkjugarður	72.436.452	58.103.156	14.333.296	19,79%
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi Samtals	120.251.429	127.307.262	-7.055.833	-5,87%

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir prófastsdæmum

Fylgiskjal 1

Prófastsdæmi - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi				
Bólstaðarhlíðarkirkjugarður	115.626	3.871.984	-3.756.358	-3248,71%
Glaumbæjarkirkjugarður	680.779	1.639.807	-959.028	-140,87%
Blönduóskirkjugarður	2.497.028	2.934.157	-437.129	-17,51%
Víðidalstungukirkjugarður	533.035	631.971	-98.936	-18,56%
Sauðárkrókskirkjugarður	8.195.383	8.289.125	-93.742	-1,14%
Staðarbakkakirkjugarður	339.824	416.866	-77.042	-22,67%
Viðvíkurkirkjugarður	239.134	283.531	-44.397	-18,57%
Miklabæjarkirkjugarður	481.114	503.633	-22.519	-4,68%
Ketukirkjugarður	125.231	120.988	4.243	3,39%
Hvammstangakirkjugarður	3.301.932	3.295.038	6.894	0,21%
Svínavatnskirkjugarður	170.287	159.885	10.402	6,11%
Breiðabólstaðarkirkjugarður	175.820	151.031	24.789	14,10%
Flugumýrarkirkjugarður	341.383	272.339	69.044	20,22%
Reynistaðakirkjugarður	303.240	230.106	73.134	24,12%
Vesturhópshólakirkjugarður	110.901	15.055	95.846	86,42%
Hvamskirkjugarður	189.621	72.025	117.596	62,02%
Undirfellskirkjugarður	301.834	182.866	118.968	39,42%
Mælifellskirkjugarður	250.281	125.252	125.029	49,96%
Bergsstaðakirkjugarður	178.354	49.784	128.570	72,09%
Silfrastaðakirkjugarður	277.333	138.752	138.581	49,97%
Auðkúlukirkjugarður	156.371	16.035	140.336	89,75%
Hofsstaðakirkjugarður	170.557	16.619	153.938	90,26%
Víðimýrarkirkjugarður	598.467	417.153	181.314	30,30%
Höskuldsstaðakirkjugarður	534.193	352.406	181.787	34,03%
Goðdalakirkjugarður	360.099	164.059	196.040	54,44%
Tjarnarsókn	455.363	234.171	221.192	48,57%
Þingeyrarkirkjugarður	698.713	411.769	286.944	41,07%
Reykjakirkjugarður	493.536	191.354	302.182	61,23%
Melstaðakirkjugarður	1.253.584	812.275	441.309	35,20%
Spákonufellskirkjugarður Höfðasókn	1.601.592	1.125.063	476.529	29,75%
Barðskirkjugarður	1.021.442	469.228	552.214	54,06%
Hofsóskirkjugarður	1.088.575	420.907	667.668	61,33%
Hofskirkjugarður	1.141.959	364.161	777.798	68,11%
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi Samtals	28.382.591	28.379.395	3.196	0,01%
Reykjavíkurrófastsdæmi				
Kirkjugarðar Reykjavíkur	529.829.508	536.518.319	-6.688.811	-1,26%
Reykjavíkurrófastsdæmi Samtals	529.829.508	536.518.319	-6.688.811	-1,26%

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir prófastsdæmum

Fylgiskjal 1

Prófastsdæmi - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
Suðurprófastsdæmi				
Stokkseyrarkirkjugarður	2.425.275	8.150.058	-5.724.783	-236,05%
Stóru-Borgarkirkjugarður	123.302	3.887.728	-3.764.426	-3053,01%
Selfosskirkjugarður	8.304.331	11.567.516	-3.263.185	-39,29%
Villingaholtskirkjugarður	1.247.875	3.496.265	-2.248.390	-180,18%
Þingvallakirkjugarður	2.114.958	3.930.358	-1.815.400	-85,84%
Þorláks og Hjallakirkjugarður	2.504.707	3.371.045	-866.338	-34,59%
Prestbakkakirkjugarður	2.024.519	2.794.653	-770.134	-38,04%
Oddakirkjugarður	1.894.898	2.594.103	-699.205	-36,90%
Breiðabólstaðarkirkjugarður, Fljótshl.	1.276.316	1.781.367	-505.051	-39,57%
Hafnarkirkjugarður	3.372.908	3.771.030	-398.122	-11,80%
Langholtskirkjugarður í Meðallandi	273.384	558.135	-284.751	-104,16%
Árbæjarkirkjugarður í Holtum	414.066	623.166	-209.100	-50,50%
Krosskirkjugarður	599.462	808.068	-208.606	-34,80%
Eyvindarhólakirkjugarður	538.417	704.683	-166.266	-30,88%
Skeiðflatarkirkjugarður	353.014	505.973	-152.959	-43,33%
Ásólfskálakirkjugarður	296.985	418.952	-121.967	-41,07%
Ólafsvallakirkjugarður	449.238	462.741	-13.503	-3,01%
Keldnakirkjugarður	132.694	137.060	-4.366	-3,29%
Búrfellskirkjugarður	198.428	190.341	8.087	4,08%
Hofskirkjugarður í Óræfum	361.265	345.891	15.374	4,26%
Stóra Dalskirkjugarður	550.439	533.108	17.331	3,15%
Akureyjarsókn	384.464	329.161	55.303	14,38%
Stórólfsrhvolskirkjugarður	2.246.156	2.148.679	97.477	4,34%
Kálfholtskirkjugarður	448.518	346.985	101.533	22,64%
Gaulverjabæjarkirkjugarður	285.941	144.350	141.591	49,52%
Haukadalskirkjugarður	404.130	237.085	167.045	41,33%
Hraungerðiskirkjugarður	404.868	232.505	172.363	42,57%
Hábæjarkirkjugarður	620.208	444.524	175.684	28,33%
Þykkvabæjarklausturskirkjugarður	225.097	47.724	177.373	78,80%
Laugardælakirkjugarður	279.344	86.038	193.306	69,20%
Úlfjótvatnskirkjugarður	385.156	188.382	196.774	51,09%
Marteinstungukirkjugarður	305.186	75.296	229.890	75,33%
Torfastaðakirkjugarður	752.100	505.896	246.204	32,74%
Kálfafellsstaðarkirkjugarður	519.454	269.252	250.202	48,17%
Hrepphólakirkjugarður	594.985	322.205	272.780	45,85%
Laugardalskirkjugarður Miðdalskg.	539.858	229.888	309.970	57,42%
Hlíðarendakirkjugarður	441.832	129.200	312.632	70,76%
Reyniskirkjugarður	389.122	28.618	360.504	92,65%
Víkurkirkjugarður	1.032.321	618.163	414.158	40,12%
Mosfellskirkjugarður	644.051	106.902	537.149	83,40%
Bjarnarneskirkjugarður	1.523.889	921.835	602.054	39,51%
Skarðskirkjugarður	970.991	337.403	633.588	65,25%
Grafarkirkjugarður	924.391	171.487	752.904	81,45%
Eyrabakkakirkjugarður	2.792.484	1.917.778	874.706	31,32%
Hrunakirkjugarður	1.640.095	764.294	875.801	53,40%
Kotstrandarkirkjugarður	5.264.325	3.776.400	1.487.925	28,26%
Stóra-Núpskirkjugarður	3.408.422	813.914	2.594.508	76,12%
Kirkjugarður Vestannaeyjum	17.642.289	12.841.861	4.800.428	27,21%
Suðurprófastsdæmi Samtals	74.526.158	78.668.066	-4.141.908	-5,56%

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir prófastsdæmum

Fylgiskjal 1

Prófastsdæmi - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
Vestfjarðaprófastsdæmi				
Pingeyrarkirkjugarður	1.434.450	1.585.099	-150.649	-10,50%
Drangsneskirkjugarður	249.828	365.510	-115.682	-46,30%
Ísafjarðarkirkjugarður	11.594.065	11.707.962	-113.897	-0,98%
Kirkjubólaskirkjugarður	83.060	117.142	-34.082	-41,03%
Vatnsfjarðarkirkjugarður	310.585	332.876	-22.291	-7,18%
Flateyrarkirkjugarður	685.148	690.251	-5.103	-0,74%
Súðavíkurkirkjugarður (Eyrarsókn í Seyðisfirði)	799.933	776.142	23.791	2,97%
Bíldudalskirkjugarður	1.180.080	1.150.308	29.772	2,52%
Sauðlauksdalskirkjugarður	205.969	151.414	54.555	26,49%
Óspakseyrarkirkjugarður	130.230	12.624	117.606	90,31%
Hólmavíkurkirkjugarður	1.024.594	905.476	119.118	11,63%
Hagakirkjugarður	248.938	129.358	119.580	48,04%
Brjánslækjarkirkjugarður	156.900	27.306	129.594	82,60%
Kollafjarðarneskirkjugarður	359.303	225.931	133.372	37,12%
Núpskirkjugarður	175.193	39.953	135.240	77,19%
Árneskirkjugarður	366.334	220.920	145.414	39,69%
Garpsdalskirkjugarður	260.419	108.699	151.720	58,26%
Flateyjarkirkjugarður	289.443	24.603	264.840	91,50%
Stóra-Laugardalskirkjugarður	728.807	407.535	321.272	44,08%
Reykhólakirkjugarður	1.565.260	1.228.015	337.245	21,55%
Staðarhólskirkjugarður	464.330	103.955	360.375	77,61%
Mýrarkirkjugarður	606.956	186.237	420.719	69,32%
Patreksfjarðarkirkjugarður	2.621.030	2.121.523	499.507	19,06%
Vestfjarðaprófastsdæmi Samtals	25.540.855	22.618.839	2.922.016	11,44%

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir prófastsdæmum

Fylgiskjal 1

Prófastsdæmi - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
Vesturlandsprófastsdæmi				
Kolbeinsstaðakirkjugarður	1.040.086	5.015.453	-3.975.367	-382,22%
Fáskrúðarbakka-, Miklaholts - og Rauðamelskirkjugarður	1.024.100	4.414.077	-3.389.977	-331,02%
Stafholtskirkjugarður	722.433	2.291.234	-1.568.801	-217,16%
Lundarkirkjugarður	1.680.586	3.092.132	-1.411.546	-83,99%
Setbergskirkjugarður Grundarfirði	1.585.891	2.769.610	-1.183.719	-74,64%
Saurbæjarkirkjugarður	328.951	954.769	-625.818	-190,25%
Hvanneyrarkirkjugarður	1.106.720	1.655.140	-548.420	-49,55%
Borgarkirkjugarður	585.373	954.427	-369.054	-63,05%
Bæjarkirkjugarður	635.727	818.255	-182.528	-28,71%
Álftártungukirkjugarður	134.574	290.169	-155.595	-115,62%
Helgafellskirkjugarður	381.053	468.391	-87.338	-22,92%
Bjarnarhafnarkirkjugarður	206.542	200.395	6.147	2,98%
Narfeyrarkirkjugarður	123.332	115.507	7.825	6,34%
Kvennabrekkukirkjugarður	513.509	505.427	8.082	1,57%
Snóksdalskirkjugarður	318.282	304.935	13.347	4,19%
Stóra - Vatnshornskirkjugarður	146.747	132.612	14.135	9,63%
Stykkishólmskirkjugarður	2.936.496	2.886.622	49.874	1,70%
Gilsbakkakirkjugarður	179.456	128.118	51.338	28,61%
Hellnakirkjugarður	153.461	86.421	67.040	43,69%
Dagverðarneskirkjugarður	147.891	79.158	68.733	46,48%
Fitjakirkjugarður	127.020	49.193	77.827	61,27%
Reykholtskirkjugarður	1.180.190	1.062.316	117.874	9,99%
Hjarðarholtssókn í Dölum	2.313.208	2.185.466	127.742	5,52%
Staðarfellskirkjugarður	273.422	141.288	132.134	48,33%
Akrakirkjugarður	243.008	108.718	134.290	55,26%
Hvammiskirkjugarður	924.970	771.876	153.094	16,55%
Norðtungukirkjugarður	278.582	116.616	161.966	58,14%
Innrahólmskirkjugarður	343.543	123.948	219.595	63,92%
Akraneskirkjugarður	19.834.069	19.576.323	257.746	1,30%
Staðastaðarkirkjugarður	323.780	59.775	264.005	81,54%
Búðakirkjugarður	316.665	18.884	297.781	94,04%
Leirárkirkjugarður	481.358	125.927	355.431	73,84%
Breiðabólstaðarkirkjugarður	1.155.055	372.286	782.769	67,77%
Ingjaldshólskirkjugarður	1.826.810	802.838	1.023.972	56,05%
Vesturlandsprófastsdæmi Samtals	43.572.890	52.678.306	-9.105.416	-20,90%
Alls	1.011.618.562	1.028.800.165	-17.181.603	-1,70%

Afkoma kirkjugarða flokkað eftir garðfloknum

Fylgiskjal 2

Flokkur - Kirkjugarður	Tekjur alls	Gjöld alls	Hagnaður / Tap	Afkoma sem hlutfall af tekjum
1				
Bólstaðarhlíðarkirkjugarður	115.626	3.871.984	-3.756.358	-3248,71%
Þingvallakirkjugarður	2.114.958	3.930.358	-1.815.400	-85,84%
Langholtskirkjugarður í Meðallandi	273.384	558.135	-284.751	-104,16%
Álftártungukirkjugarður	134.574	290.169	-155.595	-115,62%
Helgafellskirkjugarður	381.053	468.391	-87.338	-22,92%
Kirkjubólaskirkjugarður	83.060	117.142	-34.082	-41,03%
Vatnsfjarðarkirkjugarður	310.585	332.876	-22.291	-7,18%
Keldnakirkjugarður	132.694	137.060	-4.366	-3,29%
